



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Hugvísindasvið**

# **Trúarofbeldi**

*Skaðleg trú: einkenni, orsakir og afleiðingar*

**Ritgerð til BA -prófs í guðfræði**

**Ægir Örn Sveinsson**

**September 2016**

**Háskóli Íslands**

**Hugvísindasvið**

**Guðfræði**

# **Trúarofbeldi**

*Skaðleg trú: einkenni, orsakir og afleiðingar*

**Ritgerð til BA -prófs í guðfræði**

**Ægir Örn Sveinsson**

**Kt.: 060368-5629**

**Leiðbeinandi: Sólveig Anna Bóasdóttir**

**September 2016**



## Útdráttur

Í þessari ritgerð er leitast við að varpa ljósi á merkingu hugtaksins trúarofbeldi. Gerð er grein fyrir rannsóknum félagsfræðinga, sálfræðinga, guðfræðinga og siðfræðinga á misnotkun valds sem stundum á sér stað í trúarlegu starfi. Dregin eru fram helstu sameiginlegu einkenni þeirra kristnu safnaða þar sem fyrrverandi meðlimir telja sig hafa verið beitta trúarofbeldi. Ýmsir áhrifaþættir trúarofbeldis eru ræddir svo sem guðfræði sem beitt er til að styrkja óskorað vald leiðtoga og siðblinda í forystu kirkjunar. Loks er fjallað um siðfræði sem leiðarljós í starfi presta og leiðtoga þar sem áhersla er lögð á mikilvægi skilnings, ábyrgðar og trúmennsku gagnvart því valdi sem þeim hefur verið treyst fyrir – valdi sem þeim ber að nota í þágu skjólstaðinga þeirra en ekki í eigingjörnum tilgangi gegn þeim.

*Vei hirðum Ísraels sem aðeins hirða um sjálfa sig. Eiga þeir ekki að halda fénu á beit? Þið drekkið mjólkina og klæðist ullinni, slátrið feitustu sauðunum en um hjörðina hirðið þið ekki. Þið hafið ekki hjálpað hinu veikburða, ekki læknað hið sjúka, ekki bundið um hið særða og hvorki sótt það sem hraktist burt né leitað þess sem týndist, en hið sterka hafið þið leitt með harðri hendi (Esk 34.2-4)*

## Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	2
1.1	Markmið og uppbygging .....	4
1.2	Heimildir.....	5
2	Hugtök og merkimiðar .....	6
3	Mismunandi nálgun að skaðlegri trú.....	9
3.1	Trúarfrkn.....	9
3.2	Skaðleg trú sem misnotkun valds .....	10
4	Hvað er trúarofbeldi: Reynslusögur og greiningar fræðimanna.....	12
4.1	Skilgreiningar .....	13
4.2	Einkenni trúarofbeldissafnaða .....	17
4.3	Notkun hugtaksins trúarofbeldi .....	28
5	Lærisveinahreyfingin - tilviksathugun .....	32
5.1	Einkenni lærisveinahreyfingarinnar.....	32
5.2	Rannsókn Yeakley.....	34
5.3	Niðurstöður.....	35
5.4	Ályktanir.....	36
6	Siðblinda í forystu kirkjunnar .....	38
7	Vandinn við valdið .....	42
7.1	Vald og guðfræði .....	42
7.2	Vald og siðfræði .....	44
8	Samantekt og niðurstöður.....	53
	Heimildaskrá .....	54



# 1 Inngangur

Einhvern tímann seint á tíunda ártug síðustu aldar heimsótti ég gamlan vin minn og það sem hann sagði mér þá vakti forvitni mína. Þessi vinur minn hafði verið prestur en nokkrum árum fyrr hafði hann sagt stöðu sinni lausri til þess að ganga til liðs við kristileg samtök og vinna fyrir þau í fullu starfi. Eftir nokkurra ára þjónustu við þessi samtök hann að niðurlotum kominn, útrunninn andlega og fjárhagur hans og fjölskyldunnar var í molum. Í máli hans kom fram að hann hafi þurft að þola valdniðslu leiðtoga og trúarofbeldi í þessum samtökum. Þetta var í fyrsta sinn sem ég heyrði þetta orð, trúarofbeldi<sup>1</sup>. Í framhaldinu lánaði vinur minn mér bók sem fjallaði um þetta sem hann nefndi trúarofbeldi sem ég las síðan af miklum áhuga. Ég áttaði mig fljótt á því að ég skildi vel það sem kom fram í bókinni. Sjálfur hafði ég gengið til liðs við umdeildan trúarsöfnuð þegar ég var 17 ára gamall og margt sem þar fór fram var býsna vafasamt eftir á að hyggja. Strax á þessum tíma fór ég að hugsa um að opna þyrfti umræðu á Íslandi um starfshætti trúarsafnaða. Í gegnum árin hef ég spjallað við vini og kunningja sem hafa svipaða reynslu og ég sjálfur og þeir vita yfirleitt hvað ég er að tala um. Hins vegar hef ég aldrei fundið vandaða umfjöllun um trúarofbeldi á rituðu íslensku máli og enn síður fræðigreinar. Þetta var kveikjan að því að ég valdi að skoða þetta viðfangsefni þegar kom að því að skrifa ritgerð til BA prófs í guðfræði.<sup>2</sup>

Þótt lítið hafi verið rætt um trúarofbeldi á íslensku með þeim hætti að nákvæmlega það orð hafi verið sett sem merkimiði á það sem fjallað er um, hafa eflaust ýmsar lýsingar komið fram hér og þar sem gefa til kynna hvað málið snýst um. Eina slíka er að finna í blaðinu *Vikunni* þar sem tekið var viðtal við Ásgeir Pál Ágústsson. Í viðtalinu lýsir Ásgeir Páll reynslu sinni af íslenskum trúarhópi. Hann segir frá því hvers vegna hann gekk í söfnuðinn og reynslu af trúarofbeldi innan hans. Í frásögn Ásgeirs Páls kemur einnig fram hvernig honum leið eftir að hann ákvað að segja skilið við trúarhópinn:

---

<sup>1</sup> Orðið *trúarofbeldi* er þýðing á enska hugtakinu *Spiritual abuse*. Önnur ensk hugtök sem notuð hafa verið yfir viðfangsefni þessa verkefnis eru t.d. *Religious abuse* og *Harmful religion*. Þessi hugtök eru hér ýmist nefnd, *trúarofbeldi*, *trúarleg misnotkun* eða *skadleg trú* og er í öllum tilfellum átt við sama fyrirbærið en skýring þess er eitt af meginmarkmiðum verkefnisins.

<sup>2</sup> Svo öllu sé haldið til haga hafa birst ágætast stuttar greinar um trúarofbeldi í tímaritinu *Bjarma* sem Salt ehf. gefur út í samstarfi við Kristniboðssambandið. Það var þó eftir að ég hóf vinnu við þetta verkefni.



Ég fékk trúarlegt uppeldi og gekk í sunnudagaskóla sem barn og seinna í KFUM. Þannig að segja má að trúna hafi ég fengið með móðurmjólkinni. Mig langaði alltaf að láta gott af mér leiða og það má segja að þess vegna hafi ég gengið í Frelsið. Hugsjónir safnaðarins voru með þeim hætti að mig langaði að vera með. Tilgangurinn var að ná til ungs fólks sem glímdi við fíkniefni, þunglyndi, sjálfsvígshugsanir og beina því inn á betri brautir. Hins vegar var ekki allt sem sýndist í söfnuðinum og hægt og rólega tók forstöðufólkið safnaðarmeðlimi þannig traustataki að enginn gat sér um frjálst höfuð strokið. Þetta birtist mér fyrst og fremst sem svipting á frelsi. Ég hafði ekki leyfi til að verða skotinn í stelpu, of mikil samskipti við nánustu fjölskyldu voru litin hornauga og nánast allar mínar tekjur runnu til safnaðarins, tekjur sem svo voru misnotaðar af forstöðumönnum. [...] Ég ákvað eftir þriggja ára samstarf við söfnuðinn að segja skilið við hann [...] Ég gekk í gegnum algert helvíti eftir á þar sem alger vinslit urðu með mér og öllum þeim sem innan veggja Frelsisins voru. Vegna einangrunarinnar á meðan ég var þarna meðlimur átti ég fáa að þegar ég kom út úr söfnuðinum og innan veggja Frelsisins var varað við mér sem hættulegum manni sem hefði yfirgefið Guð.<sup>3</sup>

Þessi frásögn Ásgeirs Páls gefur ágæta lýsingu á trúarofbeldi og afleiðingum þess og því miður deila fleiri þessari reynslu. Annað dæmi um trúarofbeldi í íslensku samhengi komst í háamæli meðal þjóðar okkar þegar flett var ofan af starfsemi Byrgisins sem var kristilegt líknarfélag, stofnað til að hjálpa fíklum að ná bata og fóta sig í samfélaginu á ný. Forstöðumaður Byrgisins var Guðmundur Jónsson en hann hlaut fangelsisdóm fyrir kynferðisbrot og fleiri sakir. Í dómsorði Héraðsdóms Suðurlands, þar sem Guðmundur í Byrginu eins og hann var yfirleitt nefndur var sakfelldur, segir m.a.:

Af öllu því sem að framan er rakið varðandi kæru hvers og eins brotaþola, er talið sannað að **ákærði misnotaði aðstöðu sína** og fjárhagslega yfirburði, veikleika skjólstæðinga sinna **og leit þeirra í trúna á Guð**, í þeim **tilgangi að fullnægja eigin hvötum** og kynlífsfíkn.<sup>4</sup>

Í dómsorðunum kemur skýrt fram einn þeirra þátta sem einkennir trúarofbeldi, þ.e. sá að gerendur eru gjarnan trúarlegir leiðtogar sem bregðast í hlutverki sínu. Þeim hefur verið falin umsjá fólks sem stundum er berskjaldað eins og hér má sjá en í stað þess að vernda skjólstæðinga sína og styðja notfæra þeir sér þá og veikleika þeirra. Þeir brjóta grundvallarsíðferðisreglu Kants um að koma aldrei fram við fólk með þeim hætti að það sé notað til þess eins að ná markmiðum sínum. Ef myndmál Biblíunnar er sett í þetta samhengi þá fer hirðirinn, sem á að gæta hjarðarinnar að nærast á henni í stað þess að vernda hana.

---

<sup>3</sup> Ásgeir Pál Ágústsson, „Sviptur frelsi í frelsinu“, *Vikan*, 8. mars 2012, bls. 14.

<sup>4</sup> „Dómur“, *Héraðsdómstólar Íslands*, 9. maí 2008, sótt 10. ágúst 2016 af <https://www.domstolar.is/domar/domur/?id=50f0af15-7371-4bce-a900-13f48285f15b>. Áherslurnar eru mínar.

## ***1.1 Markmið og uppbygging***

Meginmarkmið ritgerðinnar er að skýra hvað felst í trúarofbeldi og draga fram dæmi um það. Auk þess að svara því hvað trúarofbeldi sé, er kastljósinu beint að þolendum trúarofbeldis, áhrifum trúarofbeldisins á þá og skoðað hvers vegna þeir yfirgefa ekki trúarhópinn sem þeir tilheyra þrátt fyrir að þeir átti sig á að eitthvað sé bogið við hann.

Þá er verkefninu ætlað að varpa ljósi á hvort einhverjir sameiginlegir þræðir séu til staðar í trúarhópum þar sem kerfisbundið trúarofbeldi á sér stað og hvaða þættir það séu sem einkenna slíka hópa. Loks er eitt af markmiðum þessa verkefnis að rétta íslenskum kristnum söfnum verkfæri til sjálfskoðunar sem mættu vera þeim hvatning til að finna leiðir til úrbóta.<sup>5</sup>

Þótt erfitt sé að halda fram með neinni fullvissu hvaða orsakaþættir liggi að baki trúarofbeldi þá hef ég dregið þá ályktun af þeim heimildum sem ég hefi kynnt mér, að um sé í megindráttum að ræða samspil tveggja og stundum þriggja þátta. Í fyrsta lagi er það slæm guðfræði sem er notuð til að réttlæta óskorað vald trúarlegra leiðtoga yfir söfnum sem þeir leiða. Í öðru lagi virðist sennilegt að margi trúarlega leiðtoga skorti siðferðilega þekkingu á valdinu sem þeir hafa og ábyrgðinni sem sett er á herðar þeirra sem leiðtoga. Ég tel hættu á því að slíkt þekkingarleysi geti orðið leiðtogum að falli og þeir taki að misbeita valdinu sem þeim hefur verið falið, jafnvel þótt um gott og velviljað fólk sé að ræða. Þriðji þátturinn sem hefur vægi og skýrir trúarofbeldi er sá að siðblindir einstaklingar sækjast gjarnan eftir því að komast í leiðtogastöður. Með þessa orsakaþætti í huga verður gerð grein fyrir siðblindu í valdastöðum safnaða og trúarhópa. Einnig er rætt um guðfræði valdsins og sögulegar rætur hennar. Loks er fjallað um siðfræði presta og trúarleiðtoga sem fagstétta í ljósi valdsins sem þeir fara með.

Hugtaka- og orðanotkun skiptir miklu máli í sérhverri vandaðri umfjöllun og þess vegna vil ég byrja á að skýra hvað átt er við með orðum sem notuð eru um hinar ýmsu formgerðir trúarhópa. Því næst sný ég mér að kjarna málsins eða spurningunni hvað felist í trúarofbeldi. Rætt er um Lærisveinahreyfinguna, sem reyndar er ekki ákveðin trúarhópur heldur frekar tiltekin hugmyndafræði eða formgerð á uppbygginu trúarhóps og hún notuð sem tilviksathugun til að kafa dýpra í eina birtingarmynd kerfisbundins trúarofbeldis. Þá koma

---

<sup>5</sup> Þá myndi ég gjarnan vilja sá einhvers konar þver Kirkjulega ráðstefnu eða vinnustofu um trúarofbeldi verða að veruleika til þess að opna umræðu um þennan vanda hér á landi og takast á við hann. Ég bind vonir við að verkefnið gæti orðið að innleggi í slíka ráðstefnu.

kaflar um siðblindu í forystu kirkjunnar, guðfræði og siðfræði valdsins og að lokum samantekt og niðurstöður.

## ***1.2 Heimildir***

Þegar ég hóf leit að heimildum um trúarofbeldi kom mér á óvart hversu lítið trúarofbeldi hefur verið rannsakað fræðilega. Í rauninni fann ég aðeins tvær vandaðar erlendar rannsóknir sem báðar eru meira en 20 ára gamlar. Á netinu er hins vegar að finna ógrynni efnis þar sem sjá má lýsingar og reynslusögur fólks af trúarofbeldi án þess þó að þaki þess búi fræðilegar rannsóknir. Jafnframt eru annað slagið gefnar út bækur um efnið sem byggja ekki heldur á rannsóknum. Þetta áhugleysi fræðasamfélagsins er athyglisvert í ljósi þess áhuga sem margt trúað fólk sýnir viðfangsefninu og vísbendinga um brýna þörf á því að það sé rannsakað. Sjálfum þykir mér líklegast að þetta fræðilega áhugleysi stafi af því að viðfangsefnið krefjist þverfaglegrar þekkingar þar sem nauðsynlegt er að rannsakendur hafi sterkan bakgrunn í félagsfræði, sálfræði og guðfræði. Þetta hljóta þó auðvitað að vera einungis getgátur mínar.

Þær tvær rannsóknir sem getið var um að framan eru því kjarni heimilda þessarar ritgerðar auk bóka og greina guðfræðinga sem hafa reynslu af vinnu með þolendum trúarofbeldis. Aðrar heimildir eru t.d. bókin *Harmful Religion* er afrakstur ráðstefnu um trúarofbeldi sem og bækur Richard Gula, Marilyn Peterson og Marie Fortune sem fjalla um siðfræði trúarlegrar þjónustu, fagsiðfræði og kynferðislega misnotkun innan safnaða.

## 2 Hugtök og merkimiðar

Það er vandasamt að finna og nota heppileg orð yfir trúarhópa sem eru lýsandi en um leið hlutlaus. Íslenska orðið *sértrúarsöfnuður* hefur neikvæða gildishlaðna merkingu í huga flestra og það sama má segja um enska orðið *cult*. Trúarlífsfélagsfræðingurinn Gordon Melton hefur gagnrýnt notkun þess orðs sem hann telur gagnslausa og jafnvel skaðlega. Ástæðan er sú að slíkur neikvæður stimpill hefur tilhneigingu til þess að spyrða saman að ósekju alla óhefðbundna trúarhópa við Jonestown og fjöldasjálfsmörð. Hann telur að slíkir fordómar hafi komið í veg fyrir skilning og m.a. átt þátt í mistökum í umsátrinu um söfnuð David Koresh í Waco Texas sem leiddu til dauða 76 einstaklinga þar sem fjölmörg börn voru meðal fórnarlambanna.<sup>6</sup> Það sem gerir málið enn snúnara þegar unnið er með heimildir þar sem orðið *cult* kemur fyrir er að merking þess virðist mismunandi, allt eftir því hver bakgrunnur höfundanna er. Í fyrsta lagi eru þeir sem fjalla um hugtakið frá trúvarnarlegu sjónarhorni (e. *apologetic*). Þeirra þekktastur er Walter Martin (d. 1989) sem notar orðið um hópa sem standa utan kristins rétrúnaðar, gjarnan vegna þess að þeir hafna þrenningarkenningunni og/eða fullum guðdómi Jesú Krists:

By cultism we mean the adherence to doctrines which are pointedly contradictory to orthodox Christianity and which yet claim the distinction of either tracing their origin to orthodox sources or of being in essential harmony with those sources. Cultism, in short, is any major deviation from orthodox Christianity relative to the cardinal doctrines of the Christian faith.<sup>7</sup>

Annars staðar segir Martin að um sé að ræða „hóp fólks sem safnast saman um rangtúlkun einstaklings eða einstaklinga á Biblíunni“.<sup>8</sup>

Aðra nálgun má finna hjá ýmsum sem hafa beitt sér gegn trúarhópum sem þeir skilgreina sem *cult*.<sup>9</sup> Þá er einkum átt við sálfræðinga eins og Margaret Thaler Singer sem aðhyllast kenningar um heilapvott og hugarstjórnun en hún skilgreinir hugtakið með eftirfarandi hætti:

---

<sup>6</sup> J. Gordon Melton, „Child abuse, suicide, and the Branch Davidians.“, *World & I* 9:6/1994. Sótt 10. september 2016 af <http://search.ebscohost.com/login.aspx?direct=true&db=f5h&AN=9407223954&site=ehost-live>.

<sup>7</sup> Walter Martin, *Rise of the Cults*, Santa Ana: Vision House Pub, 1978, bls. 11–12.

<sup>8</sup> Walter Martin, *The Kingdom of the Cults*, Minneapolis.: Bethany House Publishers, 2003, bls. 17.

<sup>9</sup> Reyndar er einnig nálgun fjölmörg sennilega oftast hin sama þegar orðið ber þar á góma.

... I will use the term cult and cultic group to refer to any one of a large number of groups that have sprung up in our society and that are similar in the way that they originate, their power structure, and their governance. Cults range from the relatively benign to those that exercise extraordinary control over members' lives and use thought-reform processes to influence and control members. While the conduct of certain cults causes nonmembers to criticize them, the term cult is not in itself pejorative but simply descriptive. It denotes a group that forms around a person who claims to have a special mission or knowledge, which they will share with those who turn over most of their decision making to that self-appointed leader.

Hér er lögð áhersla á að hugtakið feli í sér hóp þar sem leiðtogi með sérstaka köllun eða þekkingu vill drottna yfir meðlimum hópsins sem þurfa að afsala sér sjálfstæði sínu og sjálfsákvörðunarrétti til hans.<sup>10</sup>

Þriðju skilgreininguna á hugtakinu *cult* má finnan innan trúarlífsfélagsfræðinnar:

The cult is characteristically a loose organization of with private eclectic religiosity. The concept of cult is very useful sociologically because it describes the form of social organization of much popular (nonofficial) religion.<sup>11</sup>

Hér er sem sagt um að ræða laustengda hópa fólks sem sameinast um ákveðin viðhorf eða jafnvel áhugmál án fastmótaðra kenninga, skipulags og forystu. Hin trúarlífsfélagsræðilega merking orðins hefur fengið íslensku þýðinguna „einstaklingsmiðlæg aðdáendahreyfing“.<sup>12</sup> Rekja má flokkun félagsfræðinga á trúarhópum til Max Weber sem gerði greinarmun annars vegar á kirkju (e. *church*) sem tekur til megin þorra fólks og hinsvegar sértrúarhópi eða sértrúarsöfnuði (e. *sect*) sem samþykkir einungis fólk inn í hópinn sem uppfyllir trúarleg skilyrði. Þannig umfaðmar sá trúarhópur sem telst kirkja samfélagið sem hann tilheyrir meðan sértrúarsöfnuðurinn stendur utan þess þar sem spenna og jafnvel átök ríkja milli hópsins og samfélagsins. Sértrúarsöfnuðir í félagsfræðilegri merkingu orðsins líta á sig sem einstaka, sem hina einu réttu leið og hafna þannig öllum öðrum trúarhópum. Persónuleg skuldbinding meðlims í sértrúarsöfnuði er mikil, samneyti við aðra innan hans gjarnan náið og mikil áhersla lögð á að hver og einn leitist eftir trúarlegri fullkomnun. Félagfræðin skilgreinir síðan þriðju gerð trúarhópa með hugtakinu kirkjudeild (e. *denomination*) en kirkjudeildir eru jákvæðari

---

<sup>10</sup> Rétt er að taka það fram að kenningar um heilapvott í samhengi við trúarhópa hafa sætt töluverðri gagnrýni enda er auðveldlega hægt að skýra þátttöku fólks í þessum trúarhópum með ferlum sem er vel þekktir innan félagssálarfræðinnar og sálarfræðinnar sbr. Meredith B. McGuire, *Religion: The Social Context*, Long Grove: Waveland Pr Inc, 2008, bls. 78–80 og Yvonne Walsh, „Deconstructing ‘brainwashing’ within cults as an aid to counselling psychologists“, *Counselling Psychology Quarterly* 14/2:2001

<sup>11</sup> Meredith B. McGuire, *Religion: The Social Context*, Long Grove.: Waveland Pr Inc, 2008, bls. 152.

<sup>12</sup> Ekki verður farið nánar út í að rekja einkenni hópa sem falla undir þá skilgreiningu hér þar sem hætta á trúarofbeldi innan þeirra er fremur lítil vegna þess að þeir eru yfirleitt án sérstaks valdakerfis.

gagnvart samfélaginu og öðrum trúarhópum en sértrúarsöfnuðurinn og standa þannig mitt á milli hans og kirkju.<sup>13</sup>

Hætta á trúarofbeldi er að mínu mati til staðar í kirkju, kirkjudeild en einkum sértrúarsöfnuði í félagsfræðilegri merkingu orðanna en eins og áður sagði, síður í einstaklingsmiðaðri aðdáendahreyfingu. Í þessari ritgerð nota ég orðið sértrúarsöfnuður í félagsfræðilegri merkingu orðsins yfir hópa sem bera þessi sömu einkenni og félagsfræðin notar í skilgreiningum sínum. Ég nota sama orð líka þegar enska orðið *cult* kemur fyrir í heimildum mínum<sup>14</sup> þar sem ég tel yfirgnæfandi líkur á að höfundarnir hafi annað hvort í huga skilgreiningar Martins eða Singers í huga fremur en félagsfræðilegan skilning orðsins og þá fer orðið sértrúarsöfnuður nærri þeirri merkingu sem höfundarnir ætlast til að lögð sé í orðið. Hins vegar ber þess að geta að engir dómar er felldir með notkun orðsins hér um trúfræði eða kenningar þeirra safnaða sem um er rætt.

---

<sup>13</sup> Meredith B. McGuire, *Religion: The Social Context*, bls. 150–156.

<sup>14</sup> Í þessum tilvikum er enska orðið haft með innan sviga.

### 3 Mismunandi nálgun að skaðlegri trú

Í umræðu undanfarinna ára um skaðlega trú hafa komið fram tvenns konar nálganir sem verðskulda að vera skoðaðar nánar. Markmið þessa kafla er að skoða þessar ólíku nálganir og færa rök fyrir því hvers vegna ég kys að horfa á vandann fyrst og fremst út frá öðru þessara sjónarhorna.

#### 3.1 Trúarfíkn

Andrew Walker fjallar um þessar mismunandi nálganir í inngangi bókar sinnar *Harmful Religion* sem inniheldur safn greina um viðfangsefnið. Hann segir einn möguleika vera að horfa á skaðlega trú sem fíkn. Fagaðilar á seinni hluta 9. áratugar síðustu aldar tóku eftir sams konar persónuröskunum hjá fólki sem glímdu við erfiðleika í kjölfar þátttöku í trúarstarfi og oft tengjast spila- og áfengisfíkn. Sjálfshjálparhópum eins og t.d. Fundamentalists Anonymous sem byggðu á sporunum tólf sem AA samtökin vinna eftir hafi þá verið komið á fót til þess að búa þeim stuðningsnet. Meðal ætlaðra einkenna þessar svonefndrar trúarfíknar eru:

- Óhófleg kirkjusókn.
- Skortur á hæfni til að hugsa sjálfstætt, efast og gagnrýna yfirvald.
- Skortur á hæfni einstaklinga til að draga ályktanir upp á eigin spýtur.
- Sú trú, byggð á skömm að vera ekki nógu góður fyrir Guð eða geta ekki gert neitt rétt.
- töfraleg veraldarsýn þar sem Guð kemur öllu í lag fyrir mann.

Walker telur rétt að taka þetta líkan alvarlega og nefnir í því samhengi samtal við prest sem sagði honum að meðan hann þyrfti að hafa töluvert fyrir því að fá sumt fólk til að sækja kirkju væru aðrir sem hann þyrfti að venja af kirkjusókninni svo að þeir gætu haldið áfram að lifa lífi sínu. Það að „nota“ trú væri eins og að nota fíkniefni; flótti frá veruleika lífsins og eitur í andlegri blóðrás manneskjunnar. Þegar þetta væri raunin sé kirkjan ekki lengur helgidómur heldur felustaður frá honum, uppspretta sjúkleika fremur en lækningar – staður fíknar en ekki nægtar.<sup>15</sup>

Tvennt er það við þessa nálgun sem Walker telur þó rétt að hafa í huga þegar það er metið hversu heppilegt sé að beita henni. Í fyrsta lagi segir hann frjálslynda guðfræðinga taka henni opnum örmum en þeir hneigjast til að tengja trú sem fíkn

---

<sup>15</sup> Lawrence Osborn og Andrew Walker, *Harmful Religion, An Exploration of Religious Abuse*, London: SPCK Publishing, 1997, bls. 3–4.

við bókstafstrú (e. *fundamentalism*)<sup>16</sup> eða íhaldssaman kristindóm. Þar með nálgist þeir vandann með meðferð og stuðningshópum þar sem unnið er að því að færa trúarleg viðhorf fólks í frjálslýndari átt. Walker spyr hver áhrifin séu af slíkum meðferðum, hvort fólk sé losað við trúna um leið og sigrast sé á fíkninni?

Í öðru lagi segir Walker að þrátt fyrir að trúarfíknarlíkanið geti í sumum tilfellum verið gagnlegt, þá sé hætt við því að það færi athyglina á einstaka leikmann sem fórnarlamb og frá þeim sem misnota, þeim sem hafa ýmist verið falið að fara með vald eða tekið sér það sjálfir. Ef meðvirknilíkan fíknarinnar stenst sé það oftast vegna þess að þeir sem hafa vald yfir öðrum beiti, viljandi eða óviljandi, óvönduðum meðulum til að beygja þá undir eigin vilja. Þar með erum við farin að nálgast hitt líkanið sem notað er til að skýra skaðlega trú þar sem megináherslan er lögð á að skoða misnotkun valds.<sup>17</sup>

### **3.2 Skaðleg trú sem misnotkun valds**

Það er einkum þrennt sem Walker telur að síðari nálgunin hafi til síns ágætis. Í fyrsta lagi það að hún styðjist við „góða“ guðfræði, en með því á hann við guðfræði sem bendir á að hin kristna ganga sé ætíð vegur krossins, auðmýktar og þjónustu en ekki vegur valds, stöðu og sjálfsskipaðra yfirburða. Annar kost hennar segir Walker þann að hún neyði okkur til að horfa á kristna trú hefðbundinna kirkjudeilda í stað þess að láta sem sértrúarsöfnuðir (e. *cults*) og bókstafstrúarmenn séu þeir einu sem valda fólki skaða. Starfsaðferðir sértrúarsafnaða (e. *cultic behavior*) megi vissulega finna innan kirkjudeilda sem njóta almennrar viðurkenningar. Hins vegar sé algengara að kerfisbundin trúarleg misnotkun finnist innan lokaðra, einsleitra hópa þar sem valdboðskennnd stjórnun er ríkjandi fremur en hjá laustengdari hópum þar sem valdi er dreift eða mörk þess eru sett með skynsamlegum hætti. Landfræðilega og/eða félagslega einangruð samfélög undir valdboðskennndri leiðsögn leiðtoga séu þannig sérstaklega útsett fyrir mögulegri misnotkun.

Þá bendir Walker á að innan hefðbundinna kirkna geti líka myndast jaðarhópar sem verða eins konar kirkja innan kirkjunnar og í þeim geta klakist út hugmyndir um yfirburði og valdboðshneigða stýringu. Þar með kemur hann að þriðja kostinum sem hann telur þessa nálgun búa yfir sem er sá að með því að beina sjónum fremur að formbyggingu og leiðtogum

---

<sup>16</sup> Reyndar þykir mér „bókstafstrú“ verulega óheppileg þýðing á enska orðinu „fundamentalism“, þar sem það er bæði ónákvæmt og villandi. Aðrar þýðingar eins og grunnhyggja eða grundvallarhyggja eru hins vegar einnig ýmist villandi eða þarfnast langra útskýringa þannig hér notast ég við bókstafstrú af illri nauðsyn.

<sup>17</sup> Lawrence Osborn og Andrew Walker, *Harmful Religion*, bls. 4–5.



en einstökum safnaðarmeðlimum sé hvatt til siðferðislegra dyggða ráðsmennsku og ábyrgrar forystu. Enn fremur segir hann nálgunina horfa til hinna andlegu ávaxta iðrunar og yfirbótar sem hafi betri samhljóm við fagnaðarerindið en aðferðafræði samtalsmeðferða sem notaðar séu til að glíma við fíkn.<sup>18</sup>

Helstu hætturarnar við þessa nálgun segir Walker vera í fyrsta lagi dómhörku. Rétt sé að hafa staðreyndir á hreinu og slys eru óhjákvæmilegur fylgifiskur líflegs starfs. Í öðru lagi geti það stundum gerst að einlægur ásetningur um að vernda fólk fyrir skaðlegri trú beinist gegn lögmætu frelsi fólks til að hafa ólíkar trúarlegar skoðanir.<sup>19</sup> Til að skýra þetta setur Walker fram skilgreiningu sína á skaðlegri trú um leið og hann dregur fram hvað hún er ekki:

Skaðleg trúarbrögð eru trú eða starfsemi sem skaðar eða særir einhvern andlega, tilfinningalega eða líkamlega. [Með hugtakinu er ekki átt við]... trúarbrögð sem falla illa að smekk okkar eða fara að okkar álitum villu vegar í trúaratriðum eða kennisetningum sínum.<sup>20</sup>

Með öðrum orðum þá er tilgangurinn þegar fjallað er um skaðlega trú ekki sá að greina og benda á meinta villutrú þeirra trúarhópa sem athyglin beinist að.

Þessi mismunandi sjónarhorn sem Walker fjallar um hafa ýmislegt sér til ágætis. Þau þurfa að mínu mati ekki að vera andstæð en geta bætt hvort annað upp. Ég tek hins vegar undir þá skoðun hans að trúarfíkn og afleiðingar hennar megi rekja til þátta sem nálgunin um trú sem misbeitingu valds lýsir. Þess vegna er megináherslan hér á þá nálgun og henni beitt til að komast að því hvað það er í boðun, kennisetningum, skipulagi og forystu trúarhópa sem veldur því að meðlimir hópsins missa hæfni til sjálfstæðrar gagnrýnninnar hugsunar og verða undirgefnir yfirvaldi.

---

<sup>18</sup> Sama heimild, bls. 5–7.

<sup>19</sup> Sama heimild, bls. 7–8.

<sup>20</sup> Sama heimild, bls. 8. (*e. Harmful religion is a religious belief or practice which damages or hurts somebody spiritually, mentally or physically. It is not religion that is not to our taste, or which we think may be mistaking in its beliefs.*)

## 4 Hvað er trúarofbeldi: Reynslusögur og greiningar fræðimanna

Hugtakið trúarofbeldi (e. *spiritual abuse*) er ekki mjög gamalt en umræða um það hefur farið vaxandi á síðari árum. Það eru fyrst og fremst tvær bækur sem hafi vakið almenna athygli á því. Önnur þeirra er bók Ronald M. Enroth<sup>21</sup>, *Churches That Abuse* og hin er bókin *Subtle Power of Spiritual Abuse* eftir David Johnson og Jeff VanVonderen, guðfræðinga sem hafa mikla reynslu af því að vinna með fólki sem orðið hefur fyrir trúarofbeldi.<sup>22</sup>

„Trúarofbeldi“ er sterkt orð og spyrja mætti hvenær það sé réttlætanlegt að nota það? Hvað merkir það í raun og veru og kemur það að gagni þegar við reynum að meta hvort verið sé að veita vandaða andlega leiðsögn og sálgæslu? Hvaða einkennir þá þá söfnuði þar sem fyrrverandi meðlimir telja sig hafa verið beittir trúarofbeldi?

Í þessum kafla viljum við leita svara þessum spurningum. Fyrst lítum við á skilgreiningar nokkurra þeirra fræðimanna sem fjallað hafa um trúarofbeldi ásamt útskýringum þeirra. Því næst skoðum við einkenni trúarofbeldissafnaða og að lokum er notkun hugtaksins „trúarofbeldi“ skoðuð með gagnrýnum hætti.

---

<sup>21</sup> Bandaríski félagsfræðingurinn Dr. Ronald M. Enroth er frumkvöðull í rannsóknum á trúarofbeldi innan kristinna trúarhópa. Bók hans *Churches that Abuse* kom út árið 1993 þar sem hann vinnur úr reynslusögum fjölmargra einstaklinga úr ýmsum mismunandi trúarhópum sem hann tók viðtöl við. Auk þess greinir hann starfsaðferðir trúarhópanna sem þessi einstaklingar tilheyrðu, fjallar um leiðtoga þeirra og rýnir í heimildir þar sem finna má dæmi um skaðlega starfsemi kristinna hreyfinga frá fyrri tímum.

<sup>22</sup> Karen Lebacqz, *Professional Ethics: Power and Paradox*, Nashville: Abingdon Press, 1985, bls. 128.

## 4.1 Skilgreiningar

- Trúarleg misnotkun á sér stað þegar leiðtogi með andlegt kennivald notfærir sér vald sitt til þess að þvinga, stjórna eða nýta sér fylgjanda [sinn] og veldur honum þannig andlegum skaða.<sup>23</sup>
- [Hún] á sér stað þegar leiðtogar sem fólk leitar til í þeim tilgangi að fá leiðsögn og andlega næringu nota valdastöðu sína til að kúga það eftir eigin geðþótta, stýra og ríkja yfir því.<sup>24</sup>
- Trúarleg misnotkun er ill meðferð á manneskju sem þarfnast hjálpar, stuðnings eða andlegs styrks og hefur þau áhrif að veikja, lítilsvirða og draga úr andlegri getu manneskjunnar.<sup>25</sup>
- Trúarleg misnotkun felst í því að notfæra sér trúarlegt áhrifavald með ósæmilegum hætti og brjóta þannig heilagt traust andlegs hirðis. Misbeiting kirkjulegs valds til að stýra og hafa áhrif á sóknarbörn í eigingjörnum tilgangi veldur þeim skaða.<sup>26</sup>

Presturinn Ken Blue skýrir mál sitt frekar með því að segja að líkamleg misnotkun þýði að einhver sem hefur líkamlega aflsmuni yfir öðrum notar þá til að valda líkamsmeiðingum. Kynferðisleg misnotkun merki að kynferðislegu afli sé beitt sem valdi þolandanum kynferðislegum sársauka. Á sama hátt merki trúarleg misnotkun að leiðtogi með trúarlegt vald notar það til að þrýsta á, stýra og notfæra sér fylgjanda sinn og valda honum með því trúarlegum sárum.<sup>27</sup> Enroth bætir því við að ólíkt líkamlegu ofbeldi sem skilji eftir sig marða líkama þá skilji trúarlegt ofbeldi eftir sig ör á sálinni. Því sé beitt af fólki sem nýtur virðingar og heiðurs sem samfélagið færir þeim sem eiga að vera andlegar fyrirmyndir. Þetta fólk hefur áhrifavald sem grundvallast á Biblíunni, orði Guðs og líti á sig sem hirða með heilagt traust. En þegar þeir bregðast þessu trausti og misnota áhrifavald sitt, misnota kirkjulegt vald til að stýra og ráðskast með hjörðina geti afleiðingarnar verið hörmulegar. Siðlaus misbeiting valds sem á sér stað í sumum trúarhópum brýtur niður og sundrar fjölskyldum, gerir fólk háð leiðtogum sínum með óheilbrigðum hætti og skapar þolandunum andlegan glundroða.<sup>28</sup>

---

<sup>23</sup> Ken Blue, *Healing Spiritual Abuse: How to Break Free from Bad Church Experience*, Illinois: Intervarsity Press, 1993 bls. 12. (e. *Spiritual abuse happens when a leader with spiritual authority uses that authority to coerce, control or exploit a follower, thus causing spiritual wounds.*)

<sup>24</sup> Ronald M. Enroth, *Churches That Abuse*, Grand Rapids: Zondervan, 1993, bls. 8. (e. *Spiritual abuse takes place when leaders to whom people look for guidance and spiritual nurture use their positions of authority to manipulate, control, and dominate.*)

<sup>25</sup> David Johnson og Jeff VanVonderen, *The Subtle Power of Spiritual Abuse: Recognizing and Escaping Spiritual Manipulation and False Spiritual Authority Within the Church*, Minneapolis: Bethany House Publishers, 2005, bls. 20. (e. *Spiritual abuse is the mistreatment of a person who is in need of help, support or greater spiritual empowerment, with the result of weakening, undermining or decreasing that person's spiritual empowerment.*)

<sup>26</sup> Barbara M. Orłowski, *Spiritual Abuse Recovery: Dynamic Research on Finding a Place of Wholeness*, Eugene: Wipf and Stock Publishers, 2010, bls. 14. (e. *Spiritual abuse involves using one's spiritual authority inappropriately and thereby violating the sacred trust of a spiritual shepherd. The misuse of ecclesiastical power to control and manipulate congregants ultimately results in damage.*)

<sup>27</sup> Ken Blue, *Healing Spiritual Abuse*, bls. 12

<sup>28</sup> Ronald M. Enroth, *Churches That Abuse*, bls. 16–17.

Samkvæmt David Johnson og Jeff VanVonderen er trúarleg misnotkun það þegar leiðtogi notfærir sér trúarlega stöðu sína til þess að stjórna eða ráðskast með aðra manneskju. Með þessu eru tífningar og álit annars fólks oft skeytingarlaust fótum troðið. Þá er vald notað til þess efla stöðu leiðtogans og næra þarfir hans á kosnað þeirrar manneskju sem til hans leitar. Þeir segja trúarlega misnotkun einnig geta falist í beitingu andlegs áhrifavalds til þess að fá fólk til þess að lifa lífi sínu í samræmi við „andlega mælikvarða“. Einnig þetta sé gert án þess tillit sé tekið til velferðar einstaklingsins og stundum er þessi leið farin til þess að „sannreyna“ hversu „andlegt“ fólk er.<sup>29</sup> VanVonderen telur trúarlega misnotkun ávallt snúast um vald. Til þess að misnotkun geti átt sér stað þurfi valdi skv. skilgreiningu að vera beitt af einhverjum sem hefur meira vald, gegn öðrum sem hefur minna vald. Fólk sem hefur lítið vald geti ekki misbeitt því gegn þeim sem hefur meira vald.<sup>30</sup>

Hvenær skyldi sá sem hefur andlegt kennivald fara yfir eðlileg mörk og dæma skjólstæðinga sína í stað þess að veita þeim stuðninginn sem þeir þarfnast? Svör Johnson og VanVonderen koma fram í reynslusögum nokkurra kristinna einstaklinga:

- *Biblúleshópsleiðtoginn minn segir mér að ég hafi ekki staðið mig sem andlegt höfuð heimilisins. Ég ætti að biðja meira og taka mér „vald í Andanum“. Þá gætu andleg öfl ekki ráðist á fjölskylduna mína. Þá myndi konan mín ekki þjást af veikindum og sonur minn af asma. Ég býst við að veikindi þeirra séu mín sök...*
- *Nokkur okkar vildu fá upplýsingar um fjármál kirkjunnar. Við vildum vita hvort hægt væri að setja meira fé í beina þjónustu, góðgerðastarfsemi og þess háttar. Þegar ég spurði spurninga á öldungafundi varð andrúmsloftið ískalt. Mér var sagt síðar að hætta að stuðla að sundrunu í kirkjunni...*
- *Ágreiningurinn varð til...þegar ég varpaði fram spurningu í sunnudagaskóla fyrir fullorðna. Við vorum að glíma við kenningarlegt atriði, forúvalninguna, sem mér hefur alltaf þótt liggja á gráu svæði. Ég sagði kennaranum með vingjarnlegum hætti að ég væri honum ósammála. En tveim dögum seinna var mér sagt af leiðtoga í kirkjunni að ég hefði verið „þrætugjörn“ við kennarann fyrir framan alla og þeir vildu helst að ég myndi hætta að mæta þarna þar til annað hefði verið ákveðið.*
- *Maðurinn minn er sannfærður um að ég eigi að vera biðjandi eina klukkustund á hverjum degi þar sem ég á að nota þessa aðferð við bænina sem hann er svo upptekinn af. Ég sagði honum að ég hefði reynt það en ég hefði ekki fundið mig í því. Það eina sem hann sagði var „það er þitt vandamál, þú getur tekið við neinu í trú“. Mér líður þannig að ég sé eitthvað svo léleg.*
- *Við seldum heimili okkar og fluttum þvert yfir landið til þess að ég gæti starfað fyrir þessi samtök. Ári síðar urðu þau upptekin af líkamsþyngd minni. Mér var sagt að ég yrði að léttast því að það að vera of þungur væri „slæmur vitnisburður“. Fjárhagsleg staða mín og jafnvel atvinnan var í húfi.<sup>31</sup>*

<sup>29</sup> David Johnson og Jeff VanVonderen, *The Subtle Power of Spiritual Abuse*, bls 21.

<sup>30</sup> Jeff VanVonderen hjá Barbara M. Orłowski, *Spiritual Abuse Recovery*, bls. 13.

<sup>31</sup> David Johnson og Jeff VanVonderen, *The Subtle Power of Spiritual Abuse*, bls. 21.

Þetta eru dæmi um einstaklinga sem eru þurfsandi og leita eftir upplýsingum, samtali, stuðningi, viðurkenningu eða ráðgjöf en fá að heyra að þeir séu ekki nægilega andlega þenkjandi og það sé eitthvað að þeim sjálfum. Skömmin er gjarnan notuð til þess að fá þá til þess að gangast inn á tilteknar hugmyndir eða verjast góðum og gildum spurningum. Í öllum tilvikum er afleiðingin hin sama. Viðkomandi er skilinn eftir með sektarkennd, fordæmingu og efasemdir um gildi sitt sem manneskju og kristins einstaklings. Þegar svo er komið segja Johnson og VanVonderen að andleg leiðsögn sé orðin að trúarlegri misnotkun.<sup>32</sup>

Af þessu má sjá að þótt engin algild skilgreining á trúarlegri misnotkun sé til, eru þessir höfundar sammála um að hún felist í misbeitingu trúarlegs áhrifavalds í eigingjörnum tilgangi. Þótt hér séu notuð hugtök eins og trúarofbeldi þá eiga höfundarnir ekki við ofbeldi eða hryðjuverk sem framin eru í nafni trúar og beinast út á við gegn fólk utan trúarhópsins. Þeir eiga yfirleitt heldur ekki við kynferðislega misnotkun sem vissulega á sér stundum stað í hvers kyns trúfélögum heldur er fyrst og fremst átt við andlega kúgun sem gegnsýrir og skaðar heilu söfnuðina. Lebacqz bendir hins vegar réttilega á að kynferðisofbeldi innan kristinnar kirkju hefur svo skaðleg áhrif á velferð og trúarlíf þolenda að það hlýtur að teljast réttmætt að líta á það sem trúarofbeldi þrátt fyrir að það falli ekki að römmunum sem Enroth o.fl. notast við.<sup>33</sup>

Blue segir þá sem beita trúarofbeldi sjaldnast gera það til þess að skaða þolendur vísvitandi. Þeir séu oftast svo sjálfhverfir (e. *narcissitic*) eða svo uppteknir af einhverju stóru sem þeir séu að gera fyrir Guð að þeir átta sig ekki á afleiðingunum. Jafnframt segir hann misnotkunina misalvarlega, allt frá einstökum tilvikum upp í hörkulegt og kerfisbundið atferli. Hugsunarleysi, dónaskapur og hroki að hálfu þeirra sem eru leiðandi í trúarhópi falli hins vegar utan viðfangsefnisins þegar rætt sé um trúarlega misnotkun enda verði umræðan marklaus ef öll mistök sem trúarlegir leiðtogar gera fá stimpilinn misnotkun. Blue bendir á að ræða þarf um trúarlega misnotkun með ábyrgum hætti og afleitt ef umræðan leiði til nútíma nornaveiða.<sup>34</sup> Undir þetta sjónarmið taka Johnson og VanVonderen og segja það ekki misnotkun þegar einstaklingur í leiðtogastöðu er ósammála sóknarbörnum sínum eða beitir myndugleika í starfi sínu svo lengi sem áhrifavaldinu sé ekki beitt til þess að gera lítið úr fólk. Það sé ekki heldur misnotkun þegar leiðtogi beitir áhrifavaldi sínu til að fá sóknarbarn

---

<sup>32</sup> Sama heimild, bls. 22.

<sup>33</sup> Karen Lebacqz og Joseph Driskill, *Ethics and Spiritual Care: A Guide for Pastors and Spiritual Directors*, Nashville: Abingdon Press, 2000, bls. 157.

<sup>34</sup> Ken Blue, *Healing Spiritual Abuse*, bls. 12–13.

til að horfast í augu við misgjörð eða synd enda sé tilgangurinn ekki sá að valda skömm eða niðurlægja viðkomandi heldur að byggja upp og endurreisa. Loks segja þeir það ekki vera misnotkun ef trúarhópurinn leggi áherslur á ákveðin viðmið um æskilega hegðun innan hópsins sé svo lengi sem ekki gert lítið úr því fólki sem ekki hefur sömu sannfæringu.<sup>35</sup>

Vandinn sé hins vegar sá að ekkert próf er til, sem hægt er að nota til að greina trúarlega misnotkun heldur aðeins ákveðnar vísbendingar eins og þær að trúarlíf einstaklinga sé gleðisnautt og einkennist af langvarandi þreytu á því að reyna af öllum mætti að standast einhverjar væntingar. Aðrar vísbendingar séu vonbrigði vegna Guðs og alls sem snertir trú, óöryggi, skortur á trausti og jafnvel ótti gagnvart öllum þeim láta sig varða um það sem tengist Guði enda er hann stundum ekki ástæðulaus. Fólk upplifi djúpa sorg vegna þess að það hafi misst sinn besta vin eða vegna þessa að fagnaðarerindið, góðu fréttirnar reyndust of góðar til að vera sannar.<sup>36</sup>

Þegar spurningunni um hvort misnotkun eða trúarofbeldi séu of sterk orð í samhengi við óheilbrigðar kirkjur og trúarhópa er varpað fram svara þessir höfundar henni einróma neitandi. Enroth segir erfitt að lýsa með nokkrum öðrum hætti þeim einkennum sem hann hefur fundið í rannsóknum sínum. Meðlimir þurfi að afhenda sjálfræði sitt valdboðshneigðum leiðtoga eða hópi og glati sjálfsmynd sinni og sjálfsvirðingu í kjölfarið. Aðrar afleiðingar geta verið endurteknar martraðir, vanmáttarkennd, brostin félagstengsl og ótti. Hver svo sem stimpillinn er sem við kjósum að nota til að lýsa þessum vanda verði hin kristna kirkja að horfast í augu við hann og vinna að lausn hans. Trúarofbeldi sé mun útbreiddara og finnist í ríkari mæli í röðum safnaða hefðbundins vakningarkristindóms en margir séu reiðubúnir að viðurkenna.<sup>37</sup>

Við komum síðan aftur að spurningunni um réttmæti þess að nota hugtakið trúarofbeldi í síðasta hluta þessa kafla þar sem Karen Lebacqz ræðir um það. Nú beinum við athyglinni hins vegar að helstu einkennum þeirra safnaða þar sem gróft trúarofbeldi fær að viðgangast.

---

<sup>35</sup> David Johnson og Jeff VanVonderen, *The Subtle Power of Spiritual Abuse*, bls. 24.

<sup>36</sup> Sama heimild, bls. 194–195.

<sup>37</sup> Ronald M. Enroth, *Churches That Abuse*, bls. 65.

## 4.2 Einkenni trúarofbeldissafnaða

- *Ég vaknaði einn morguninn og áttaði mig á því að ég hafði ekki hugsað mínar eigin hugsanir í þrjú ár.*
- *„Eitt af því sem hefur verið mér hvað erfiðast er að sjá hvernig kirkjan getur fleygt fólki með sama hætti og maður hendir gömlu bananahýði út um gluggann án þess að skeyta nokkuð um það.*
- *Ég hef glímt við verulega erfiðar tilfinningar um leið og ég hef reynt að venjast því að hafa farið. Ég held jafnvel að ég hafi stundum íhugað sjálfsvíg vegna þess að því hefur verið barið svo vandlega inn í hausinn á manni að ef maður stendur viljandi utan þessarar kirkju sé maður augljóslega ekki í vilja Guðs lengur.*
- *Það gerðist smátt og smátt en eftir fjögur ár í þessu samfélagi gerði ég mér grein fyrir því að ég hafði verið sviptur persónueinkennum mínum.*
- *Það er svo margt átakanlegt sem við höfum gegnið í gegnum. Að hluta til er þetta líka erfitt af því að okkur þykir vænt um þau sem leiddu okkur í þessar ógöngur. Við skiljum núna að við fyrirlitum okkur sjálf og fannst okkur skorta svo mikið á til þess eins að komast síðar að því að þetta hafði ekkert með okkur sjálf að gera.*
- *Eftir að við förum úr hreyfingunni hefur það tekið okkur tvö ár að verða að hálfu leyti eðlileg en það er samt ekkert meira en það, bara að hálfu leyti. Það hefur verið erfitt að eiga samskipti við aðra trúaða án þess að dæma þá. Þetta er eins og dauðsfall í fjölskyldunni, eins og maður hafi misst besta vin sinn.*
- *Ég fór að spyrja ýmissa spurninga og þá fór allt á annan endann. Ég var sökuð um að stunda sífelldan rógburð og fékk mínar þrjár viðvaranir. Mér var sagt að mér yrði refsað ef ég myndi ræða nokkurn tímann við nokkurn mann þessar spurningar mínar. Aftur og aftur var mér sagt að ég væri í synd og þeir óttuðust um líf mitt.*
- *Við spyrjum okkur að því hvers vegna skyldi Guð hafa leyft þetta. En við vitum líka að við förum aldrei í gegnum neitt bara okkar sjáfra vegna. Þegar við komumst í gegnum þetta verðum við fær um að hjálpa þeim næsta sem staulast áfram í gegnum það sama.*
- *Mér var hent út úr kirkjunni minni fyrir næstum þrem vikum, bannfærður. Ég spurði of margra spurninga. Ég held áfram að biðja fyrir öllum sem enn eru í kirkjunni og ég vildi að ég gæti talað við þau. Ég vildi óska að þau kæmu og töluðu við mig.<sup>38</sup>*

Í ofangreindum dæmum, fengnum úr rannsóknum Enroth, greina fyrirverandi meðlimir frá upplifun sinni trúarofbeldi sem þeir töldu sig hafa orðið fyrir í söfnuðunum sem þeir tilheyrðu. Þetta fólk hefur gengið í gegnum andlega ringulreið, sársauka og brostin félagstengsl. Söfnuðirnir sem hafa skaðað þetta fólk spanna breiða vídd bókstafstrúar og vakningarkristindóms. Sumir þeirra eru við útjaðar vakningarkristindóms og teldust býsna öfgafullir í samanburði við hefðbundnari kristnar kirkjur. Hins vegar, segir Enroth, má telja marga hinna óheilmænu safnaða sem hann hefur rekist á í rannsóknum sínum, til hefðbundins vakningaskristindóms (e. *mainstream evangelical*). Hann hafi hlustað á vitnisburði um

---

<sup>38</sup> Ronald M. Enroth, *Recovering from Churches That Abuse*, Grand Rapids: Zondervan, 1994, bls. 17.

trúarlega misnotkun í mörgum kirkjudeildum, hreyfingum og trúarlegum samtökum, í stórum söfnuðum í borgum og litlum dreifbýlissöfnuðum, kirkjum í Bandaríkjunum og Kanada.

Trúarlega misnotkun sé sennilega að finna víðast hvar sem er í heiminum.<sup>39</sup>

Við greiningu á helstu einkennum trúarofbeldishópa í þessum hluta kaflans byggi ég á rannsóknum Enroth sem eru þær vönduðustu sem ég hef fundið. Hér koma því fyrst og fremst ályktanir hans þótt sums staðar sé skotið inn athugasemdum annarra fræðimanna sem eru athyglisverðar.

### **Stjórnsemi og vélabrögð – sem liður í trúarlegi misnotkun**

Hvaða aðferðir skyldu það vera sem þessir söfnuðir nota til að ná yfirráðum yfir meðlimum sínum? Hópar sem beita trúarofbeldi nota sektarkennd, ótta og þvinganir með markvissum hætti sem aðferð til að ná yfirráðum yfir meðlimum sínum. Leiðtogar þeirra reyna með meðvituðum hætti að knýja fram andlega og félagslega hæðispersónuleikaröskun (e. *dependency*) með því að leggja áherslu á undirgefni, hollustu og hlýðni við þá sem fara með völdin. Þetta er nauðsynlegt í öllum valdboðskerfum eigi undirokunin að verða möguleg.<sup>40</sup> Meðlimir tileinka sér lært bjargarleysi með því að vera talin trú um að þeir muni ekki rata um krákustigu lífsins án þess að vera vandlega leiðbeint af hinum háttsettu. Hversu undarlegt sem það kann að virðast, líkar mörgum ágætlega gefnum kristnum einstaklingum bara vel að vera sagt hvað þeir eigi að gera. Stundum biður fólk öldunganna um leyfi til að fara t.d. í veislu með vantrúuðum eða fara heim og hitta foreldra eða vini. Margir falla í gildru valboðshreyfinga (e. *authoritarianism*) vegna þess að svarthvítur hugsanaháttur þessara hreyfinga er þeim ágætlega að skapi. Þeir sem dragast að niðursoðnu öryggi og allsherjarlausnum á vandamálum sínum eru sérstaklega berskjaldaðir fyrir trúarlegri misnotkun.<sup>41</sup>

Ágætt dæmi um ógn og ótta er þegar fólki er hótað bölvun ef það fer undan „verndarvæng“<sup>42</sup> þeirra eða „brýtur sáttmálann“. Setningar eins og: „Guð mun draga anda sinn til baka frá þér og fjölskyldu þinni“, „Guð mun knésetja fyrirtæki þitt“, „án verndar

<sup>39</sup> Sama heimild, bls. 17–18.

<sup>40</sup> Ronald M. Enroth, *Churches That Abuse*, bls. 53.

<sup>41</sup> Sama heimild, bls. 104.

<sup>42</sup> Orðið sem hér er þýtt sem „verndarvængur“ er enska orðið „covering“. Hugtakið hefur mikla merkingu í ákveðnum trúarhópum þar sem allir vita hvað við er átt en torskilið öðrum. Það inniheldur kennisetningar um undirgefni við trúarlega leiðtoga og að slík undirgefni veiti þeim sem beygja sig undir vald leiðtogana guðlega vernd fyrir illsku heimsins. Lærisveinahreyfingin sem rætt er um hér annars staðar er dæmi um þessa vafasömu guðfræði í framkvæmd.



okkar mun Satan ná til barna ykkar“ og „bölvun mun koma yfir þig og fjölskyldu þína“ eru dæmi um hótanir af þessu tagi. Þess háttar trúarleg kúgun getur komið í veg fyrir að fólk yfirgefi skaðlega söfnuði.<sup>43</sup> Sjálfur hef ég heyrt andlát fyrirverandi meðlims tilkynnt úr ræðupólti safnaðar í Bandaríkjunum þar sem sagt var frá því að hinn látni hefði verið myrtur í vopnuðu ráni. Það var ekki farið í neinar grafgötur með það að örlög mannsins voru tengd við ákvörðun hans um að yfirgefa söfnuðinn. Skilaboðin voru augljós hótun og tilgangurinn að halda fólki innan safnaðarins.

Leiðtogar sem nærast á því að ráða yfir öðrum reyna að ákveða hvað meðlimir hugsa þótt þetta sé hjúpað svo vandlega í trúarlegan búning að meðlimirnir átta sig sjaldnast á því hvað sé að gerast. Litið er á forstöðumanninn eða leiðtogann sem málpípu Guðs og smám saman mergsýgur hópurinn í sig getu fólks til að hugsa sjálfstætt. Stöðugur þrýstingur á aðlögun og takmörkuð þolinmæði fyrir gagnrýni verður til þess að erfitt reynist að halda í góða dómgreind.<sup>44</sup>

Þess er krafist að meðlimum að þeir þjóni og taki þátt í alls kyns störfum sem við nánari skoðun þjóna fyrst og fremst þörfum leiðtoganna og viðgangi kerfisins. Álagið getur orðið yfirþyrmandi og afleiðingin verður gríðarlegt tilfinningalegt umrót og andlegt skipbrot.<sup>45</sup>

Auk þess eru líkur á að þessi verkfæri kúgunarinnar, sektarkennd, ótti og þvinganir verði til þess að meðlimirnir fái skerta sjálfsmynd. Barið hefur verið á þeim með miskunnarlausri lögmálshyggju (e. *legalism*) og þeim kennt að það sé ekki andlegt að standa með sjálfum sér. Eitt það fyrsta sem ættingjar og vinir meðlima þessara safnaða taka eftir eru greinilegar persónuleikabreytingar sem oftast eru miður góðar.<sup>46</sup>

### Óskrifðar reglur

Johnson og VanVonderen benda á að lífi fólks í kúgandi trúarkerfum er stýrt af reglum sem sumar hverjar eru opinberar meðan aðrar eru þannig að þær eru aldrei beinlínis færðar í orð. Fólk kemst þess vegna fyrst að því að þær séu til þegar það brýtur þær. Þeir nefna sem dæmi að enginn myndi segja upphátt í slíkum söfnuði að það megi aldrei andmæla forstöðumanninum og ef maður gerir það verði manni æ síðan vantrest. Þess háttar reglur

---

<sup>43</sup> David Johnson og Jeff VanVonderen, *The Subtle Power of Spiritual Abuse*, bls. 77.

<sup>44</sup> Ronald M. Enroth, *Recovering from Churches That Abuse*, bls. 14.

<sup>45</sup> Sama heimild, bls. 15.

<sup>46</sup> Sama heimild, bls. 13.

hljóta alltaf að vera ósagðar því opin samræða um þær leiðir auðvitað í ljós hversu óeðlilegar og óheilbrigðar þær eru. Þannig verður þögnin að varnarmúr fyrir völd leiðtoganna.

Afleiðingarnar af því að brjóta óvart einhverja hinna óskrifuðu reglna eru annað hvort þær að sá sem það gerir verður hunsaður í söfnuðinum eða brugðist er við með enn harkalegri hætti og viðkomandi þarf að þola opinbera auðmýkingu eða jafnvel gerður brottrækur.<sup>47</sup>

Þá öflugustu af þessum óskrifuðu reglum segja þeir vera „þöggunarregluna“. Á bak við hana liggja sú hugsun að ekki megi afhjúpa raunveruleg vandamál því þá þarf að takast á við þau og gera einhverjar breytingar. Þess vegna er nauðsynlegt að fela þau á bak við vegg þöggunar eða með því að ráðast gegn þeim sem reyna afhjúpun. Þannig verður sá sem talar að vandamálinu en ekki vandamálið sjálft.<sup>48</sup> Undir þetta tekur Enroth þar sem hann segir meginreglu trúarofbeldiskerfa vera þessa: „Ekki spyrja spurninga, ekki rugga bátum“. Á meðan forstöðumenn sem starfa með eðlilegum hætti bjóði velkomnar jafnvel hinar erfiðustu spurningar er að litið á ágreining við forstöðumanninn í óheilbrigðum söfnuðum sem skort á hollustu sem jafngildi óhlýðni við Guð. Fólk sem lætur í ljósi efasemdir um ágæti kerfisins er stimplað „uppreisnargjarnt“, „geti ekki tekið leiðbeiningu“ eða „í ósamhljómi við líkama Kristis“. Þeir sem láta sér ekki segjast og halda áfram að spyrja spurninga þurfa að sæta einhvers konar viðurlögum eins og þeim að þola opinbert háð, vera hunsað, skammað, auðmýkt eða gert brottrækt.<sup>49</sup>

Johnson og VanVonderen skýra þöggunarregluna með dæmisögu þar sem kona í kúgandi söfnuði er í sálgæslu hjá einum leiðtoganna. Leiðtoginn áreitir hana kynferðislega með grófum hætti að loknu einu viðtalinu en hún tilkynnir framferði mannsins bæði yfirstjórn safnaðarins og yfirvöldum. Í kjölfarið lendir leiðtoginn í erfiðri stöðu og þarf að svara fyrir gerðir sínar fyrir dómi, ráðum og nefndum. Þótt erfiðleikar leiðtogans séu sjálfsköpuð afleiðing gjörða hans gæti hann reynt, hugsanlega með aðstoð forstöðumanns kirkjunnar eða annarra í söfnuðinum, að koma því til skila til konunnar að vandi hans sé hennar sök fyrst hún gat ekki þagað. Það er alltof algengt að konur eins og þessi þurfi að þola að vera sagðar „ekki nægilega undirgefna“, „of sterkar“, „ótrúar“ eða „Jesebel“ vegna þess að þær afhjúpa leiðtoga og of margir söfnuðir senda þau skilaboð að „vandinn sé ekki sá að farið hafi verið

---

<sup>47</sup> David Johnson og Jeff VanVonderen, *The Subtle Power of Spiritual Abuse*, bls. 67.

<sup>48</sup> Sama heimild, bls. 68.

<sup>49</sup> Ronald M. Enroth, *Recovering from Churches That Abuse*, bls. 15.

yfir mörk þín heldur sá að þú talaðir. Ef þú hefðir ekki verið að gera svona mikið mál úr þessu væri enn allt í lagi.“<sup>50</sup>

### Lögmálshyggja og ósveigjanleiki

Lögmálskenndar (e. *legasistic*) kirkjur og trúarsamtök segja gjarnan að þær hafi í hávegum sterk siðferðisviðmið. Stundum er reyndar tvöfalt siðgæði á ferðinni þar sem leiðtogar lúta ekki sömu reglum og óbreyttir meðlimir. Í kirkjum þar sem valdi er misbeitt virðast koma oftast upp ósæmleg kynferðismál en í flestum hefðbundnum kirkjum á sama tíma og leiðtogar þeirra láta stundum í ljós að þeir séu gagnateknir af málum sem tengjast kynlífi.

Ósveigjanlegum lífsmáta í slíkum hópum fylgir oft áhersla á trúaratriði sem í hefðbundnari kristnum kirkjum þykja ekki merkilegri en svo að þeim er líttill gaumur gefinn.<sup>51</sup>

Hefðbundnar evangelískar kirkjur bæði meta og virða fjölbreytni einstaklinga. Þar er fólk yfirleitt hvatt til þess að fara vaxandi sem sérstakar og einstakar manneskjur en ekki aðeins einhverjar eftirmyndir annarra. Valdboðshneigðar, kúgandi jaðarhreyfingar vilja hins vegar steypa alla í sama mótið.<sup>52</sup>

Ósveigjanlegur lífsmáti og hömlur á persónufrelsi einstaklingsins er enn ein birtingarmynd á stjórnunarþörfina sem einkennir skaðlega söfnuði. Þannig ná þeir að knýja fram alögun að settum viðmiðum með hópþrýstingi og leiðbeiningum forstöðufólks.<sup>53</sup> Ofuráhersla á kristilegar reglur og hlýðni við þær stuðla að andlegri ánauð með aukinni sektarkennd meðlima. Sektarkennd yfir því að standast ekki væntingar verða að öflugu stjórnþæki þeirra sem misbeita valdi. Slík lögmálshyggja telur Enroth draga söfnuðinn frá Kristi að öðru fagnaðarerindi; fagnaðarerindi sem segir krossinn ekki nægja.<sup>54</sup>

### Einangrunarstefna

Skaðlegir söfnuðir hafa tilhneigingu til einangrast þar sem þeir reyna með meðvituðum hætti að takmarka ytri áhrif.<sup>55</sup> Valdboðshneigðum leiðtogum standur yfirleitt ógn af hvers konar andstæðum skoðunum þeirra sem standa utan safnaðarins. Þegar einhverjum utanaðkomandi er hleypt í ræðustólinn er hann vandlega valinn svo sem minnst hætta sé á að hann segi

---

<sup>50</sup> David Johnson og Jeff VanVonderen, *The Subtle Power of Spiritual Abuse*, bls. 68–69.

<sup>51</sup> Ronald M. Enroth, *Recovering from Churches That Abuse*, bls. 14. Um þennan þátt er fjallað nánar í kaflanum um Lærisveinahreyfinguna.

<sup>52</sup> Ronald M. Enroth, *Churches That Abuse*, bls. 54.

<sup>53</sup> Sama heimild, bls. 70.

<sup>54</sup> Sama heimild, bls. 104.

<sup>55</sup> Sama heimild, bls. 104

eitthvað sem er leiðtogunum ekki að skapi.<sup>56</sup> Með því að hindra greiðan aðgang að upplýsingum og álitum utanaðkomandi aðila er reynt að stuðla að skilyrðislausri hlýðni meðlima við leiðtoga og hollustu við hópinn. Það er því ekki að ástæðulausu að leiðtogar trúarofbeldishópa bregðast harkalega við og verjist hvers konar neikvæðri umfjöllun fjölmiðla um samtök þeirra.<sup>57</sup>

Oft ráðast þessir söfnuðir gegn öðrum kristnum kirkjum í sífellu, gera lítið úr þeim eða hæðast að þeim. Enroth dregur þá ályktun af ítarlegum rannsóknum sínum að valdboðshneigðir leiðtogar séu kirkjulegir einfarar sem hann skýrir með því að segja þá þrífast illa þar sem þurfa að þola einhvers konar aðhald. Þeir vilji vera algjörlega sjálfstæðir og án þess að þurfa að standa reikningsskil orða sinna og gjörða.<sup>58</sup> Ímyndar sinnar vegna gagnvart umheiminum, kunna þeir að stæra sig af því að þeir beri ábyrgð gagnvart einhvers konar stjórn eða ráði meðan hið rétta er að stjórnin er sett saman af auðsveipu fólki sem dettur ekki til hugar að efast um vald leiðtogans.<sup>59</sup>

Í því samhengi er rétt að tengja umræðuna við íslenskan veruleika þar sem dæmi eru um söfnuði með fimm manna stjórn þar sem bæði forstöðumaður og maki hans eiga sæti. Þá nægir að forstöðuhjónin tryggi sér hollustu eins auðsveips stjórnarmanns til þess að þau hafi öll völd í söfnuðinum. Þegar bent er á þetta er ekki verið að ásaka þessa tilteknu söfnuði um að vera valdboðshneigðir eða skaðlegir af þessari ástæðu einni heldur einungis verið að draga fram hversu óeðlileg slík skipan hlýtur að vera enda býður hún heim hættunni á misnotkun valds.

### **Yfirburðahyggja og meintar ofsóknir**

Annað atriði nátengt einangrunarstefnunni er andleg yfirburðahyggja (e. *elitism*). Hvort sem þeir viðurkenna það eða ekki, telja þessir söfnuðir á sig hafna yfir aðra kristna hópa. Þessi trúarlega yfirburðahyggja hefur ekkert svigrúm fyrir ytri áhrif enda skilji aðrir að mati leiðtoganna hvort sem er ekki það sem þeir séu að gera. Lítið fer fyrir umburðalyndi gagnvart öðrum trúarhugmyndum en þeirra eigin enda eru allar aðrar formgerðir kristinnar trúar vegnar og metnar með nákvæmum mælistikum safnaðarins sjálfs og þannig léttvægar fundnar. Þannig verður „við - hinir“ hugsunarháttur allsráðandi innan hósins.<sup>60</sup>

<sup>56</sup> Ronald M. Enroth, *Recovering from Churches That Abuse*, bls. 14.

<sup>57</sup> Ronald M. Enroth, *Churches That Abuse*, bls. 84.

<sup>58</sup> Sama heimild, bls. 104

<sup>59</sup> Ronald M. Enroth, *Recovering from Churches That Abuse*, bls. 14.

<sup>60</sup> Sama heimild, bls. 14–15.

Andlegu yfirburðahyggjuna má oft sjá af orðunum sem þessir hópar nota um sjálfa sig eins og Grænhúfur Guðs, Endatímaher Guðs, hinir fáu trúföstu eða hin sérstaka hræring Guðs.<sup>61</sup> Einn fyrirverandi meðlimanna sem Enroth ræddi við sagðist hafa trúað því að þau væru í miðri hringiðu þess sem Guð væri að gera í heiminum. Hann leit niður á þá sem yfirlit hreyfinguna þar sem þeir hefðu þá ekki til að bera það sem þurfti og hefðu aldrei verið heilir í því sem þeir voru að gera."<sup>62</sup>

Leiðtogar þessara safnaða nota gjarnan andstöðu umheimsins við starf þeirra sem sönnun fyrir því að þeir séu í raun og veru sérstakir og útvaldir því slíkir söfnuðir hljóti alltaf að verða fyrir ofsóknum.<sup>63</sup> Með þessu beita þeir í áróðri sínum sígildri rökvillu:

1. Hinir útvöldu munu verða ofsóttir
2. Við verðum fyrir ofsóknum
3. Þar með erum við hinir útvöldu

Rökvillan er augljós í sambærilegri röksemdafærslu:

1. Allir kettir hafa fjóra fætur
2. Hundurinn minn hefur fjóra fætur
3. Þar með er hundurinn minn köttur

Slíkar rökleysur og setningar eins og: „Við hljótum að vera að gera eitthvað rétt fyrst við þurfum að þola annað eins andstreymi“ og fleiri í þeim dúr eru klisjur sem gjarnan er beitt gegn gagnrýninni hugsun meðlima þessara hópa. Þar með erum við komin að næsta einkenni sem ég vil nefna tungutak og hugsanabremsur.

### **Tungutak og hugsanabremsur klisjanna**

Robert J. Lifton segir að tungutak valdboðshneigðar einkennist af „hugsanabremsum“ klisjanna.<sup>64</sup> Lifton er hér ekki aðeins að ræða um trúarhópa heldur hvers konar valdboðsheigðra hópa. Hann skýrir það sem hann á við með því að segja að í slíkum klisjum séu flóknustu og víðtækustu spurningar mannsins smættaðar með því að þjappa þeim saman í stuttar setningar sem auðvelt er að muna og kasta fram. Klisjurnar verða þannig að sannindum sem gera frekari umræðu óþarfa. Dæmin sem Lifton tekur eru flest í samhengi

---

<sup>61</sup> 'God's Green Berets', 'God's End-Time Army', the 'faithful remnant', the special 'move of God'.

<sup>62</sup> Ronald M. Enroth, *Churches That Abuse*, bls. 61.

<sup>63</sup> Sama heimild, bls. 61.

<sup>64</sup> Hugtakið sem Lifton notar er *Thought-terminating cliché* sem ég reyni að lýsa hér með orðinu *hugsanabremsa* sem sennilega er nýyrði en vonandi sæmilega gagnsætt.

stjórnsmálaskoðana en skýra engu að síður merkinguna ágætlega. Þannig segir hann orðasambandið „smáborgaralegur hugsunarháttur“ vera notað til að ná yfir og afskrifa venjuleg vandasöm viðfangsefni eins og viðleitni einstaklingsins til tjáningar, ígrundunar mismunandi hugmynda og leitarinnar að mismunandi sjónarhornum og jafnvægi þegar lagt er mat á pólitíska valkosti. Auk þess sem klisjurnar gegni hlutverki túlkunarlegra hjáleiða verði þær gildishlaðnar, tákn fyrir eitthvað sem annað hvort er fullkomlega gott eða fullkomlega illt. Þar með verður tungutak þessara hópa alltumlykjandi slangur, óhlutbundið, flokkandi og stöðugt dæmandi, óskiljanlegt öðrum en hinum innvígðu; tungumál hugsunarleysisins.<sup>65</sup>

Lifton segir að þess háttar tungutak finnist vissulega að einhverju leyti í öllum hópum og öll merkingarkerfi notist við það þar sem það tjái einingu og sérstöðu. Sá sem talar eins og við er einn af okkur. Hins vegar verði gildishleðslan, túlkun og notkun orða og setninga með nýjum, framandi hætti, miklu meiri þegar því er beitt af valdboðshneigðum hópum þar sem slangrið er notað til að tjá hinn sérstaka sannleika sem þeir telja sig hafa og því er beitt til að styðja við málstaðinn. Hins vegar þrengir þetta tungutak verulega að einstaklingnum innan hópsins þar sem geta hans til að færa tilfinningar sínar og hugsanir í orð hefur verið skert. Sérhver er bundinn af þessum munnlegu fjötrum. Þótt þessi sérstaki orðaforði hópsins færi einstaklingnum í upphafi öryggistilfinningu og innsæi þá fylgi órói í kjölfarið. Þessi órói fái hann mögulega til að hörfa til rétttrúnaðar þar sem hann hrópar hugmyndafræðilega slangrið þeim mun hærra til að sýna fram á að hann falli í hópinn og til að fela eigin vanlíðan og örvæntingu. Þannig verst hann óttanum og sektarkenndinni sem myndi fylgja því að reyna að nota orð og setningar sem ekki eru hinar réttu. Hin leiðin sem einstaklingurinn gæti farið sé sú að reiða samviskusamlega fram réttu klisjurnar í félagsskap annarra á sama tíma og hann reyni í einrúmi að leita tjáningar sem hefur einhverja dýpri merkingu.<sup>66</sup>

Í valdboðshneigðum trúarhópi þar sem svarthvítur hugsanaháttur er allsráðandi hindra hugsanabremsur klisjanna gagnrýni og sjálfstæða hugsun. Þá eru ritningartextum sem teknir hafa verið úr samhengi óspart beitt til að drepa alla umræðu. Öflugt dæmi um slíkt er þegar textinn í 1Kro 16.22: „Snertið eigi mína smurðu“ er notaður til þess að koma þeim skilaboðum áleiðis að leiðtogar safnaðarins séu hafnir yfir gagnrýni. Orð eins og „fráfallinn“, „fráhvarfsmaður“, „heimslegur“, „í uppreisn“ og „Jesebel andi“ hafa öll sérstaka merkingu innan sumra hópa og fela í sér að þeir sem hljóta slíka stimpla eru óæskilegur félagsskapur

---

<sup>65</sup> Robert Jay Lifton, *Thought Reform and the Psychology of Totalism: A Study of „Brainwashing“ in China*, Chapel Hill: The University of North Carolina Press, 1989, bls. 429.

<sup>66</sup> Sama heimild, bls. 430.

fyrir þá sem tilheyra hópnum. Dæmi um jákvæðari klisjur eru „sannleikurinn“, „hinn trúi og hyggni þjónn“, „söfnuður Jehóva á jörð“ sem allir koma frá Vottum Jehóva og „í boðskapnum“, „ferkantað sæði“<sup>67</sup>, „Guð er höfuðið“<sup>68</sup>, „setja e-ð á hilluna“<sup>69</sup> og „fara í andann“ en þessar klisjur koma frá hreyfingu sem nefnist Christ Gospel Churches.<sup>70</sup>

Þessar heimspekilega innsæi Lifton á notkun tungumáls er athyglisvert og ég held að það geti komið að góðu gagni þegar reynt er að öðlast skilning á hugarheimi valdboðshneigðra trúarhópa.

## Agi

Nánast allir valdboðshneigðir hópar beita meðlimi sína aga af einhverju tagi, t.d. með því að hæðst er opinberlega að fólki og það niðurlægt. Ofuráhersla á aga og bannfæringu er vísbending um að söfnuður skaði meðlimi sína.<sup>71</sup>

Þessir söfnuður koma sér stundum upp eftirlitskerfi og hvetja meðlimina til að fylgjast grannt hverjir með öðrum. Fyrrum meðlimur Boston hreyfingarinnar<sup>72</sup> lýsir þessu með því að segja að líf sérhvers hafi verið undir smásjóni hjá einhverjum sem einhver með völd hafi valið í það hlutverk. Sérhver meðlimur hafi verið látinn svara fyrir bresti sína, þiggja ráðgjöf og eftirfylgni. Fólk hafi verið hvatt til vera meðvitað um stöðu sína, syndir og veikleika og játa þá hreinskilinslega fyrir öðrum sem áttu að hafa umsjón með þeim.<sup>73</sup>

Þegar einhver hefur verið útilokaður frá hópnum nýtur hann lítillar samúðar frá honum. Flestir fyrrverandi meðlimir lýsa því að kúgandi leiðtogar séu kaldir og nánast grimmir gagnvart öllum sem fara, hvort sem það hefur verið af sjálfsdáðum eða viðkomandi verið reknir úr söfnuðinum.<sup>74</sup>

Þeir sem ganga til liðs við þessa söfnuði komast fljótt að því að forstöðumaðurinn er hafinn yfir gagnrýni. Einn þeirra sem Enroth ræddi við sagði, að fyrst enginn í kirkjunni hafði

---

<sup>67</sup> Vísar til þess að viðkomandi valdi Krist frekar en Lúsifer í fortilveru um muni þess vegna einnig velja Krist í jarðlífinu og veg sérstakrar helgunar þess úrvalshóps sem mun að lokum ríkja með Kristi sem brúður hans í hinni Nýju Jerúsalem.

<sup>68</sup> Þessi klisja er notuð til að skýra það að allt sem hendi viðkomandi sé vilji Guðs og rétt sé að setta sig við hvernig Guð hefur ákvarðað aðstæður manns. Hún er þannig gott dæmi um þessar hugsanabremsur sem hér eru ræddar.

<sup>69</sup> Önnur hugsanabremsa sem merkir eiginlega nákvæmlega það að hætta að hugsa um eitthvað sem kirkjan boðar og viðkomandi skilur ekki eða er ósáttur við þar til Guð gefi skilning síðar.

<sup>70</sup> Ég þekki sjálfur ágætlega þessa hreyfingu og sérstakt tungutak hennar sem flestum öðrum er eflaust ákaflega framandi.

<sup>71</sup> Ronald M. Enroth, *Churches That Abuse*, bls. 78.

<sup>72</sup> Boston hreyfingin er hluti Lærisveinahreyfingarinnar sem komið er nánar að hér síðar.

<sup>73</sup> Ronald M. Enroth, *Churches That Abuse*, bls. 105–106.

<sup>74</sup> Sama heimild, bls. 104–105

leyfi til að mögla, kvarta eða vera ósammála forstöðumanninum báru margir eins og hann sjálfur, harm sinn í hljóði til að komast hjá því að kalla yfir sig reiði Guðs. Allir erfiðleikar sem hópurinn þarf að ganga í gegnum eru sök meðlima sem brjóta hinar óskeikulu reglur hans. Það er því ekki að undra að meðlimir hópsins þurfi að glíma við skerta sjálfsmynd, vanmátt og óöryggi. Algengt er að kröfur um séu látnar dynja á hinum brotlega um að hann viðurkenni að hafa gerst sekur um glæpi sem hann kannast ekkert við. Ef hann segist efast um forystuna syndgar hann því það má aldrei sá fræjum efans í huga annarra um söfnuðinn og forystu hans. Ef sá brotlegi samþykkir ekki hvernig hegðun hans er skilgreind af hópnum er hann samstundis álitin uppreisnargjarn og án iðrunar.<sup>75</sup>

Ítrasta mynd ögunar í valdboðshneigðum söfnuðum er bannfæring eða brottrekstur þar sem slitið er á öll samskipti við þann brotlega í kjölfarið. MacDonald<sup>76</sup> orðar þetta þannig að þegar sá brotlegi hefur fengið á sig þann stimpil að vera þrætugjarn og verið fordæmdur er honum hent í burtu rétt eins og skítugri bleyju. Hann er ekki einu sinni álitinn fyrirverandi meðlimur heldur úlfur í sauðagæru og vísað til hans sem dæmi um hvernig ekki eigi að vera. Þegar uppreisnargjarn einstaklingur yfirgefur trúarofbeldishóp er hann stimplaður svikari, óþokki, syndari eða fráfallinn. Söfnuðinum er sagt að halda sig frá slíku fólki og vinir til langs tíma sneiða hjá viðkomandi og snúa við honum baki. Þeir gera allt sem þeir geta til að forðast hann og svara hvorki símtölum né dyrabjöllu.<sup>77</sup> Hjá sumum hópum nær slík útilokun svo langt að jafnvel nánasta fjölskylda, foreldrar, börn og systkini slíta sambandi við þann sem söfnuðurinn hefur ákveðið að útskúfa.

### **Skert tengsl við fjölskyldur meðlima**

Flestir óheilbrigðir söfnuðir reyna að takmarka tengsl meðlima sinna við fjölskyldur sínar og sérstaklega við foreldra. Ungu fólki er gjarnan sagt að það eigi nú nýja „andlega“ fjölskyldu þar sem leiðtogarnir séu hinir nýju andlegu foreldrar þeirra. Tryggð við kirkjuna skipti öllu og oft litið á trúnað við fjölskyldu sem hindrun á vegferðinni til andlegs þroska.<sup>78</sup>

Stundum er gengið svo langt að forystan hvetur til þess að sambandi við ættingja utan hópsins sé alfarið slitið. Enroth bendir á boðskap leiðtoga nokkurs á þessum nótum sem sagði fylgjendum sínum að „vera búin undir það að skipta út tryggð ykkar við náttúrulega

---

<sup>75</sup> Sama heimild, bls. 81.

<sup>76</sup> MacDonald hjá Ronald M. Enroth, *Churches That Abuse*, bls. 81

<sup>77</sup> Ronald M. Enroth, *Churches That Abuse*, bls. 81.

<sup>78</sup> Ronald M. Enroth, *Recovering from Churches That Abuse*, bls. 14.



fjölskyldu ykkar fyrir tryggð við fjölskyldu Guðs. Þessi blóðbönd eru saurug klæði frammi fyrir Guði. Þannig að verið hughraust ef þið eruð að ganga í gegnum mikinn ólgusjó í náttúrulegri fjölskyldu ykkar“.<sup>79</sup> Slík skilaboð eru sterk vísbending um að hér er á ferðinni verulega óheilbrigður söfnuður.

### **Að yfirgefa trúarofbeldishóp er bæði erfitt og sársaukafullt**

Það að yfirgefa söfnuð sem beitir trúarofbeldi getur reynst gríðarlega erfitt þar sem sá sem það gerir þarf að endurskoða öll svið þess lífs sem hann kann að hafa lifað í langan tíma. Ferlið sem farið er í gegnum nefna félagsfræðingar afbyggingu fyrri félagsmótunar (e. *de-socialization*) þar sem samsömun einstaklingsins við hópinn sem hann áður tilheyrði brotnar niður og síðan tekur við endurfélagsmótun (e. *re-socialization*) eða aðlögun að ríkjandi menningu. Það hvernig viðkomandi tekst til við að vinna úr tilfinningum sínum og reynslu hefur töluverð áhrif á hversu vel honum gengur að öðlast bata. Margir hafa lýst eftirköstum þess að vera í trúarofbeldissöfnuði þannig að þau séu sambærileg því sem fórnarlömb nauðgunar ganga í gegnum eða áfallastreituröskuninni sem fyrrum hermenn þjást af eftir að hafa tekið þátt í stríðsátökum. Um er að ræða úrvinnslu á því sem kalla mætti andlega nauðgun. Tilfinningin er sú að eitthvað hafi glatast og maður verði aldrei hinn sami á ný.<sup>80</sup>

### **Samantekt**

Enroth segir félagsfræðinga leitast við að sjá mynstur í mannlegri hegðun og í félagslegum stofnunum og mynstrið sem hann tók eftir hjá þessum skaðlegu söfnuðum var að þeir einkennast fyrst og fremst af sterkri, stjórnsamri forystu. Leiðtogar þeirra noti sektarkennd, ótta og ógn til að kúga<sup>81</sup> meðlimi og halda aftur af þeim. Fylgjendum sé talin trú um að engin önnur kirkja komist í líkingu við þeirra eigin og að Guð hafi útvalið þá með sérstakan tilgang í huga. Gert sé lítið úr öðrum, hefðbundnari söfnuðum. Gjarnan er lögð áhersla á huglæga reynslu og þrýst á meðlimi að láta ekki í ljós skoðanir sem samræmast ekki þeim sem hópurnir segir þær réttu. Flest svið lífsins hjá meðlimum hópsins eru undir smásjá þar sem reglur og lögmálshyggja eru allsráðandi. Þeir sem fara ekki eftir reglunum eða hóta að afhjúpa söfnuðinn þurfa oft að þola harkalega meðferð og bannfæringar eru algengar. Þeir sem

<sup>79</sup> Ronald M. Enroth, *Churches That Abuse*, bls. 105.

<sup>80</sup> Sama heimild, bls. 89–90.

<sup>81</sup> Enska orðið *manipulation* er ekki auðvelt í þýðingu. Hér er orðið *kúgun* notað til að túlka það þótt það sé ekki alveg nákvæmt en hér annars staðar er orðið einnig þýtt sem *vélabrögð* þar sem því verður við komið en með því kemst merkingin vonandi aðeins betur til skila þótt hún það orð sé ekki fullkomin þýðing heldur.

yfirgefa þessa söfnuði eiga erfiða leið fyrir höndum að ná áttum og eignast eðlilegt, heilbrigt líf á ný. Mynstur misbeitingar valdboðshneigðra safnaða segir eru skýr og einnig áhrif hennar á einstaklingana sem þurfa að vinna úr reynslu sinni og læra að lifa með afleiðingum hennar.<sup>82</sup>

### 4.3 Notkun hugtaksins trúarofbeldi

Karen Lebacqz segir frá því í bók sinni, *Ethics and Spiritual Care* að hún hafi verið kölluð til sem sérfrótt vitni í dómsmáli sem varðaði trúarofbeldi sem varð til þess að hún rannsakaði vandlega ýmsar meginheimildir þessa verkefnis. Lebacqz spyr gagnrýninna spurninga um leið og hún reynir að komast til botns í því hvað trúarofbeldi sé.

Til að byrja með leit hún á það hvort það sé trúarofbeldi að setja viðmið á trúariðkun og láta safnaðarmeðlimum finnast þeir vera ónógir þegar þeim tekst ekki að lifa í samræmi við þessi viðmið. Höfundar eins Enroth og Johnson og VanVonderen segja það vera trúarofbeldi þegar reglur eru settar sem ómögulegt er að fylgja og þeir sem bregðast eru síðan dæmdir og og lítilsvirtir. Hins vegar, segir Lebacqz er það ekki einfalt mál að ákveða hvar línurnar liggja í þessu sambandi. Það eitt að setja reglur er ekki það sama og að beita trúarofbeldi enda væru þá allar kirkjur örugglega sekar um það. Það virðist því frekar vera það, hvernig brugðist er við þegar reglurnar eru brotnar sem skiptir máli en þó þarf einnig hér að stíga varlega til jarðar.<sup>83</sup>

Johnson og VanVonderen líta svo á, að þegar leiðtogar noti andlega stöðu sína til þess að reyna að stýra eða ríkja yfir öðrum sé trúarofbeldi á ferðinni en hvernig er hægt að setta það við það sjónarmið að prestar eins og aðrir fagaðilar hafi boðvald til að byggja upp kirkjuna og þá sem henni tilheyra og hluti þess starfs geti falið það í sér að leiðrétta þá sem fara út af sporinu? Vissulega hlýtur að vera svigrúm í starfi presta fyrir leiðréttingu eða áminningu vegna háttalags sem gengur ljóslega í berhögg við fagnaðarerindið og ekki er sæmandi fyrir þá sem tilheyra líkama Krists, án þess að það sé skilgreint sem ofbeldi. Það er ekki ofbeldi að hálfu prests að taka afstöðu gegn synd og ranglæti eins og framhjáhaldi, þræláhaldi og kynjamismunun heldur þvert á móti mætti segja að honum beri skylda til þess, þótt það ætti auðvitað ávallt að vera gert í kærleika.<sup>84</sup> Að segja sannleikann í kærleika felst í

---

<sup>82</sup> Ronald M. Enroth, *Churches That Abuse*, bls. 18.

<sup>83</sup> Karen Lebacqz og Joseph Driskill, *Ethics and Spiritual Care*, bls. 139–140.

<sup>84</sup> Johnson og VanVonderen gera reyndar engan ágreining um þetta eins og sjá má hér framar í kaflanum.

því að gagnrýna hegðun einstaklingsins þegar hún er ámælisverð, án þess þó fordæma einstaklinginn sjálfan eða rýra gildi hans sem manneskju með því sem sagt er.<sup>85</sup>

Lebacqz spyr hvaða munur sé á þeim dómum sem prestar fella sem eru annars vegar réttmætir og hins vegar trúarofbeldi? Svo virðist sem það sé ekki það eitt að setja reglur eða fella dóma sem varði þá sem fjallað hafa um trúarofbeldi mestu heldur beinast áhyggjur þeirra frekar að dómum sem gera lítið úr sóknarbörnum eða valda þeim skömm. Það fer hins vegar eftir því hvað átt er við með orðinu „skömm“ sem ræður því hversu sammála bæði Lebacqz og ég sjálfur, erum þessu. Ef í merkingu orðsins felst að skömm sé „eitruð, lamandi tilfinning, innst í veru manneskunnar um að vera lítils virði og eiga það ekki skilið að vera elskuð“<sup>86</sup>, þá er ekki hægt annað en að samþykkja að það sé trúarlegt ofbeldi að svipta manneskju þeirri tilfinningu að hún sé þess virði að vera elskuð af bæði Guði og mönnum. Slík skömm er andlega skaðleg og þegar reynt er að innræta hana getum við sagt að um ofbeldi sé að ræða.<sup>87</sup> Hins vegar er einnig hægt að skilja orðið skömm sem þá tilfinningu sem við finnum fyrir þegar við vitum að við höfum brugðist með einhverjum hætti eða hegðað okkur ósæmilega gagnvart einhverjum. Slík skömm getur verið afl til góðs og hvatning til að gera betur síðar og þá er ekkert ofbeldi fólgið í því að leiða einhverjum það fyrir sjónir að einhver orð eða athafnir viðkomandi eru ekki sæmandi, jafnvel þótt tilfinningin sem situr eftir sé óþægileg.<sup>88</sup>

Eitt af því sem Lebacqz nefnir er að ásetningur skipti máli. Prestar geti valdið sársauka og jafnvel skaða en þar með er ekki sagt að þeir séu að beita trúarofbeldi. Líta megi á slíkt misalvarlega. Prestar geta skaðað vegna þekkingar- eða reynsluleysis. Það geta þeir líka gert ef þeir eru kærulausir og latir varðandi það að afla sér þekkingar og hæfni til að valda síður skaða. Þá er ábyrgð þeirra meiri, þegar þeir hafa verið árum saman í starfi án þess að hafa haft fyrir því að bæta vinnubrögð sína þannig að þeir skaði ekki skjólstaðinga sína. Verst er hins vegar þegar þeim er sama og valda skaðanum vísvitandi. Þar með eru þeir farnir að færast nær því sem við köllum trúarofbeldi. Hin tilfelling sem nefnd eru hér að framan eru hins vegar ekki þar, þrátt fyrir að kæruleysi í starfi sé sannarlega ámælisvert. Flest þeirra dæmigerðu tilfella sem VanVonderen og aðrir draga fram um trúarofbeldi fela í sér misnotkun presta á valdi sínu. Það er samt ekki alltaf auðvelt að skera úr um það hvor um trúarofbeldi sé að ræða. Til

---

<sup>85</sup> Karen Lebacqz og Joseph Driskill, *Ethics and Spiritual Care*, bls. 140–141.

<sup>86</sup> Skilgreining Linn hjá Lebacqz og Driskill, *Ethics and Spiritual Care*, bls. 142. Frumtextinn er: „Toxic, debilitating core sense of being unlovable and inferior as a person.“

<sup>87</sup> Karen Lebacqz og Joseph Driskill, *Ethics and Spiritual Care*, bls. 142–143.

<sup>88</sup> Þess má geta að Sólveig Anna Bóasdóttir fjallar um skömminna í grein sem birtist í Ritroð Guðfræðistofnunar – Studia Theologica Islandica (2013:1).

dæmis gæti forstöðumaður safnaðar með íhaldssama guðfræði einlæglega trúað því að söfnuðurinn ætti að lifa í samræmi við ósveigjanlegar reglur og þar með gætu störf hans einkennst af dómhörku. Þótt Enroth, VanVonderen o.fl. telji að þá sé trúarofbeldi til staðar er Lebacqz ósammála því, jafnvel þótt forstöðumaðurinn særi aðra og að afleiðingarnar séu verulega skaðlegar, þar sem ásetningurinn er ekki fyrir hendi. Einstakar gjörðir eða atburðir eru að mati Lebacqz sjaldnast trúarofbeldi, hversu móðgandi eða skaðlegar þessar gjörðir kunna annars að vera.<sup>89</sup> Hins vegar bendir skaðlegt hegðunarmynstur til þess að viðkomandi leiðtoga standi annað hvort á sama um afleiðingarnar eða um ásetning sé að ræða. Ásetningur um að skaða eða þjónkun leiðtoga við eigin hag þegar þeir reyna styrkja stöðu sína með því gera lítið úr meðlimum safnaðarins er bæði ófaglegur og siðlaus ásetningur sem getur vissulega orðið í einhverjum tilfellum að trúarofbeldi.<sup>90</sup>

Að lokum dregur Lebacqz fram flöt á trúarofbeldi sem annars fer yfirleitt lítið fyrir í umræðu um það. Hann er sá að dæmi eru um að taflinu sé snúið við og prestum finnist að söfnuðir sem þeir þjóna beiti þá trúarofbeldi. Þetta virðist ganga í berhögg við þá hugmynd að aðeins þeir sem eru í valdastöðu geti beitt ofbeldi. Það þýðir að annað hvort eru prestar ekki jafn valdamiklir og við gerum ráð fyrir í umræðu um siðfræði fagmennskunnar eða að vald er ekki sá miðpunktur sem við höfum haldið við mat á því hvort ofbeldi sé að eiga sér stað. Lebacqz telur að bæði þessi atriði geti að nokkru leyti staðist. Í fyrsta lagi eru söfnuðir ekki valdalausir gagnvart prestum og í krafti fjöldans geta þeir stundum haft nægt afl til að beygja presta undir vald sitt. Í öðru lagi getur fólk sem hefur ekkert formlegt vald samt sem áður beitt sér með þeim hætti að það leiðir til misnotkunar. Ýmiss konar undirróður, gróusögur, baktal, falskar ásakanir og útilokun frá upplýsingum eru allt saman leiðir sem fólk án formlegra valda getur beitt með slægð til að vinna gegn öðrum og valdið slíkum usla að prestar neyðast til þess að segja af sér. Af því má sjá að misnotkun þarf ekki alltaf á valdinu einu að halda til að verða til. Jafnframt getur kúgun og ofbeldi verið kerfislægur vandi og þá geta safnaðarmeðlimir viðhaldið honum með því einu að tilheyra kerfinu. Sem dæmi má nefna að hugmyndir okkar um kyn og kynjahlutverk gegnsýra samfélagsgerð okkar að talsverðu leyti. Þær hafa áhrif á það hvernig við skynjum fólk og bregðumst við því. Þótt vel meint klapp á

---

<sup>89</sup> Mikilvæg undatekning frá þessu segir Lebacqz vera kynferðislegt samband prests og sóknar barns sem er svo skaðleg að það sé vissulega trúarofbeldi.

<sup>90</sup> Karen Lebacqz og Joseph Driskill, *Ethics and Spiritual Care*, bls. 144–147.

kollinn á ungru konu í prestsstarfi sé ekki misnotkun af ásetningi, þá viðheldur það kerfi kúgunar sem dregur úr sjálfstrausti hennar, hæfni og getu til að sinna starfi sínu.<sup>91</sup>

Niðurstaða Lebacqz er því sú að tilfelli trúarofbeldis sem eru dæmigerð í rannsóknum Enroth og annarra feli bæði í sér hömlulausa notkun á valdi leiðtoga sem endurspeglir brot á hefðbundnum siðareglum fagstétta og einnig skort á regluverki (e. *checks and balances*) sem gerir heilu samfélögin að vettvangi fyrir trúarofbeldi. Hins vegar telur hún einstök tilfelli mistaka, dómgreindarskorts eða skorts á faglegri hæfni ekki falla undir það að vera trúarofbeldi nema því aðeins að um alvarlegt ofbeldi eins og t.d. kynferðislega misnotkun sé að ræða vegna víðtækra, skaðlegra áhrifa slíks ofbeldis á andlega vegferð þolandans. Þá hafi prestar skyldu til að beina sóknarbörnum sínum inn á réttar brautir og þegar þeir tjá vanþóknun á hegðun skjólstæðinga sinna þurfi það ekki að fela í sér trúarofbeldi. Það sem skiptir máli er að leiðbeina í anda kærleika sem hefur það að markmiði að styðja manneskjuna við að færast nær Guði og vera með fyllri hætti sú manneskja sem Guð vill að hún sé.<sup>92</sup> Greining Lebacqz á trúarofbeldi er bæði yfirveguð og gagnleg. Slík yfirvegun er nauðsynleg þegar reynt er að bæta umhverfi og starfaðferðir kirkjunnar og þjóna hennar enda held ég að nornaveiðar þar sem illa ígrunduðum ásökunum um trúarofbeldi er kastað fram komi að litlum notum og valdi reyndar frekar tjóni. Það er þó mikilvægt að kristnir söfnuðir og kirkjur viðurkenni að trúarofbeldi er raunverulegt vandamál sem ýmsir þeirra þurfa að glíma við, þrátt fyrir það hversu vandasamt það er að skilgreina það nákvæmlega og skera úr um hvort það sé til staðar í einstökum tilfellum.

---

<sup>91</sup> Sama heimild, bls. 147–151.

<sup>92</sup> Sama heimild, bls. 156–157.

## 5 Lærisveinahreyfingin - tilviksathugun

Trúarofbeldi er snúið viðfangsefni þegar kemur að rannsóknum og fáir hafa reynt að framkvæma slíkar rannsóknir. Sennilega er skýringin sú að samspil áhrifaþátta getur verið svo margslungið og erfitt að fullyrða um hvaða áhrif hver þeirra hefur. Vandaðasta rannsóknin sem ég hef fundið var gerð af sálfræðingnum Flavil R. Yeakley á svonefndri “lærisveinahreyfingu” (e. *discipling movement*). Með því að skoða þennan tiltekna hóp sem hefur verið sakaður um trúarofbeldi, greina starfsaðferðir hans og fá niðurstöður sem lýsa áhrifum þeirra á meðlimi hópsins er hægt að varpa nokkru ljósi á trúarofbeldi, sem er einmitt markmiðið með þessum kafla sem byggir að mestu á rannsókn Yeakley.

### 5.1 Einkenni lærisveinahreyfingarinnar

Lærisveinahreyfingin hefur komið fram í þó nokkrum mismundandi trúarhópum undir ýmsum merkimiðum en algengt er að kenna starfsaðferðir hennar við hirði (e. *shepherding*). Þess vegna er hreyfingin einnig stundum nefnd „hirðahreyfingin“ (e. *Shepherding Movement*).<sup>93</sup> Hugmyndafræðilegar rætur hreyfingarinnar má rekja m.a. til píetisma, John Wesley, Watchman Nee og loks svonefndrar náðargjafahreyfingar (e. *charismatic movement*). Ýmsir söfnuðir um allan heim hafa vaxið með því að beita aðferðum hennar sem hafa um leið verið orsök alls kyns vandamála innan þessara sömu safnaða.<sup>94</sup>

Hugtakið „að gera að lærisveinum“<sup>95</sup> (e. *discipling*) eins og það er notað í hreyfingunni merkir eitthvað allt annað og meira en það að snúa fólki til trúar. Það er aðallega notað til að lýsa kerfi ákafrar þjálfunar og öflugs eftirlits með þeim kristnu einstaklingum sem gerðir eru að lærisveinum. Litið er á lærisveina sem einhverja sem skara fram úr þeim sem eingöngu eru kristnir. Þeir eru þá þeir kristnu sem hlotið hafa sérstaka þjálfun. Þjálfunin felur í sér miklu meira en eingöngu kennslu þar sem náíð samband myndast milli lærimeistarans og

---

<sup>93</sup> Dave Tomlinson var þátttakandi í trúarhópum í Englandi sem notuðu aðferðir lærisveinahreyfingarinnar. Hann skrifar ágæta grein í bók Walkers, *Harmful Religion* þar sem hann rekur sögu hreyfingarinnar, guðfræðilegar rætur hennar og hvernig hún hefur starfað í Englandi. Þar má finna nákvæmar lýsingar á starfsaðferðunum sem beitt var ásamt reynslusögum hans og annarra sem lýsa alvarlegum dæmum um misbeitingu valds, stjórnun, kúgun kvenna og almennu trúarofbeldi. Hann tekur þó fram að þetta hafi verið misjafnt milli hópa og stundum hafi framkvæmdin ekki verið jafn einræðisleg í raun eins og ætla mætti af því einu að skoða skipulag hreyfingarinnar. Jafnvel hafi fólk þá notið góðs af þeirri aðstoð, ráðgjöf og stuðningi sem það fékk. Sjá nánar í: Dave Tomlinson, „Sheperding: Care or Control“, í *Harmful Religion, An Exploration of Religious Abuse*, bls. 26–42.

<sup>94</sup> Flavil Ray Yeakley, *The Discipling Dilemma: A Study of the Discipling Movement among Churches of Christ*, Nashville: Gospel Advocate Co., 1988, bls. 1.

<sup>95</sup> Matt 28.19

lærisveinsins. Lærimeistarinn leiðbeinir þeim sem hann þjálfar í öllum efnum, einnig þeim sem eru algjörlega veraldleg og lærisveininum er kennt að beygja sig algerlega undir vald lærimeistarans. Honum er jafnframt kennt að líkja eftir lærimeistara sínum. Þeir sem eru lærisveinar verða að játa syndir sínar fyrir leiðbeinandanum og slíkum játningum er fylgt eftir með áminningu, leiðréttingu og bæn en ef lærisveinninn virðist tregur til að játa reynir leiðbeinandinn að draga fram játningar með nærgöngulum persónulegum spurningum.<sup>96</sup> Einkennandi fyrir hreyfinguna er stigveldisskipting og skýr greinarmunur er gerður á þeim sem er lærisveinn og leiðbeinanda hans. Sá sem er kristinn getur átt mörg jafningjasambönd en það er aðeins einn sem er lærimeistari hans og honum ber að líkja eftir og hlýða. Þegar hinn kristni hefur hlotið þjálfun lærisveins um skeið er ætlast til þess að hann fari að leiðbeina öðrum og verði þannig sjálfur lærimeistari annarra. Af þessu leiðir að til verður venslapírámídi sem líkist tengslamarkaðssetningu. Dæmigert fyrir mynstur hreyfingarinnar er að sá prestur eða safnaðarhirðir sem stofnað hefur kirkju situr efst í píramídanum. Hann þjálfar síðan lítinn hóp annarra presta en hver og einn þeirra leiðbeinir síðan litlum hópi leiðtoga meðal leikmanna. Þessir leikmannaleiðtogar leiðbeina síðan safnaðarmeðlimum sem eru á næsta þrepi fyrir neðan þá í píramídanum. Þessi stigveldisskipting heldur síðan áfram eins og þörf krefur og hreyfingin vex. Vöxtur þessa nets lærisveina nær yfirleitt út fyrir einn staðbundinn söfnuð og þannig spretta fram aðrir söfnuðir sem móðurkirkjan kemur á laggirnar.<sup>97</sup>

Edward Plowman ræddi þann vanda sem hann sá blasa við í þessum starfsháttum í grein sem hann skrifaði í tímaritið *Christianity Today*:

A dispute is taking place over issues of authority and discipleship. Powerful figures in the movement have built up a chain of command linking many local groups around the country to themselves. . . Discipleship involves submission to the shepherd as he points the way-and points out flaws in behavior. . . Those being disciplined must consult with their shepherd about many personal decisions. In some cases, shepherds forbid marriages, reject school and vocational plans, demand confession of secret sins. . .<sup>98</sup>

Þar gagnrýnir hann hvernig fólk er beygt undir vald leiðtoga sem jafnvel setja sig upp á móti hjónaböndum sem fólk vill ganga í eða fyrirhugðu námi og starfsframa. Að auki er fólk beitt þrýstingi að játa huldar syndir sínar. Þótt þessar lýsingar á starfsháttum hreyfingarinnar passi

---

<sup>96</sup> Flavil Ray Yeakley, *The Discipling Dilemma*, bls. 1.

<sup>97</sup> Sama heimild, bls. 2.

<sup>98</sup> Edward E. Plowman hjá Flavil Ray Yeakley, *The Discipling Dilemma*, bls. 130–131.

ekki endilega fullkomlega við alla þá hópa sem einhvern tímann hafa tengst henni þá eru þær samt ekki fjarri lagi þegar litið er á hana í heild.<sup>99</sup>

## 5.2 Rannsókn Yeakley

Yeakley var árið 1985 falið að rannsaka Boston Church of Christ (BCC)<sup>100</sup> sem tilheyrir kirkjudeild sem kallast Churches of Christ. Einstakir söfnuðir þessarar kirkjudeildar eru mjög sjálfstæðir og nokkrir þeirra höfðu á þessum tíma tekið upp starfsaðferðir lærisveinahreyfingarinnar undir forystu BCC.<sup>101</sup>

Boston Church of Christ og lærisveinahreyfingin í heild hefur verið ásökuð um að beita aðferðum sem leiða af sér óeðlilegar og óheilbrigðar persónuleikabreytingar og hefur sú staðhæfing verið grundvallarþáttur í gagnrýninni sem beinst hefur að þessum söfnuðum. Þeir sem gagnrýna hreyfinguna hafa haldið því fram að söfnuðir lærisveina hafi tilhneigingu til að móta meðlimi sína í mynd og líkingu leiðtogans, gildum hópans og viðmiðum hans. Fylgismenn hreyfingarinnar neita að slíkar breytingar eigi sér stað. Markmið Yeakley var að fá svar við spurningunni um hvað sé rétt í þeim efnum með vísindalegri rannsókn.<sup>102</sup>

Tilgáta Yeakley var sú að ef hægt væri að sýna fram á það að meðlimir hópans hefðu breyst verulega og mótast þannig að einhver ein persónugerð væri orðin einkennandi fyrir þá, væru komin fram sannfærandi staðfesting á því að starfshættir Boston Church of Christ væru með þeim hætti að einhvers konar hópþrýstingur (e. *group dynamics*) stuðli að einsleitni og verki með þannig að einstaklingar lagi sig að viðmiðum hópans. Ef fylgismenn lærisveinaaðferðarinnar höfðu á réttu að standa þegar þeir fullyrtu að aðferðir þeirra leiddu ekki til persónubreytinga, hefði rannsóknin átt að leiða í ljós engar tölfræðilega marktækar breytingar.<sup>103</sup>

Yeakley fylgdist með námskeiðum á vegum safnaðarins, safnaðarsamkomum hans og tók jafnframt viðtöl, bæði við leiðtoga á öllum þrepum safnaðarskipulagsins og meira en hundrað nýja meðlimi. Meginþáttur rannsóknarinnar fólst hins vegar í því að leggja sálfræðilegt persónuleikapróf, sem nefnist Meyers-Briggs Type Indicator<sup>104</sup> (MBTI), fyrir meðlimi safnaðarins. Þetta próf er notað til að greina fólk í ýmsa mismunandi flokka eftir alls

---

<sup>99</sup> Sama heimild, bls. 2–3.

<sup>100</sup> Þess má geta að BCC er einn af þeim hópum sem Ronald M. Enroth fjallar um í bókum sínum

<sup>101</sup> Flavil Ray Yeakley, *The Discipling Dilemma*, 2–3.

<sup>102</sup> Sama heimild, bls. 24.

<sup>103</sup> Sama heimild, bls. 30.

<sup>104</sup> Ekki er svigrúm hér til að fjalla ítarlega um kenningar um mismunandi persónugerðir og MBTI prófið en lesa má um MBTI á vef Wikipedia: [http://en.wikipedia.org/wiki/Myers-Briggs\\_Type\\_Indicator](http://en.wikipedia.org/wiki/Myers-Briggs_Type_Indicator).



kyns eiginleikum sem það hefur. Því er ekki ætlað að greina huglægán eða tilfinningalegan vanda eins og ýmis önnur próf gera enda var það á engan hátt tilgangur rannsóknarinnar. Því er einungis ætlað að draga fram heilbrigðan mismun ólíkra einstaklinga og það mynstur sem einkennir hópinn sem heild. Rannsóknin beindi því athyglinni að áhrifamætti hópsins á meðlimi hans en ekki að einstökum meðlimum.<sup>105</sup>

Samanburðarrannsóknir voru gerðar á þrenns konar í hópum. Í fyrsta lagi á meðlimum annarra safnaða Churches of Christ. Í öðru lagi á fólki úr hefðbundnum kirkjudeildum þar sem þátttakendur voru meðlimir í kaþólskum og lútherskum kirkjum og meðal öldungakirkjufólks (e. *presbyterian*), baptista og meþódista. Þriðja rannsóknin rannsakaði fólk úr sérstrúarsöfnum (e. *cult*). Þessir söfnuðir voru Vísindakirkjan, Hare Krishna, Maranatha, Children of God, Unification Church (söfnuðir Sun Myung Moon) og the Way.

### 5.3 Niðurstöður

Rannsóknin á samanburðarhópunum leiddi í ljós var sú að enginn munur var á fólki úr Churches of Christ og hinum sem voru í söfnum hinna hefðbundnu kirkjudeilda og í báðum hópunum var fólk almennt með mismunandi persónueinkenni og sýndu ekki merki um það að það hafi verið allt steipt í sama mót. Um það segir Yeakley að það sé einmitt það sem búast mætti við því hefðbundnar kirkjudeildir bæði viðurkenna og virða fjölbreytni í fari fólks. Þær hvetji einstaklinga til þess að verða hverjir um sig að þeim einstöku manneskjum sem þeir geta orðið í stað þess að reyna að verða einungis eftirmyndir einhverra annarra.

Annað var hins vegar uppi á teningnum hjá sérstrúarsöfnum. Þar er það einsleitni og aðlögun sem er metin að verðleikum en ekki fjölbreytni. Þessir hópar hafa tilhneigingu til að móta fólk eftir leiðtoga sínum eða því sem þeir telja vera fyrirmyndarpersónugerð. Þessi þrýstingur á meðlimi þar sem leitast er við að falsa persónugerð þeirra og gera þá að einhverjum sem þeir eru í rauninni alls ekki er ein ástæða þess sálræna skaða sem þeir verða oft fyrir. Þeim er innrætt sektarkennd fyrir það að vera þeir sjálfir en ekki það sem hópurinn vill að þeir séu. Eftir því sem bilið á milli raunverulegs sjálfs meðlimanna og sjálfsins sem reynt er að búa til sekkur sjálfsvirðing þeirra sífellt dýpra og þunglyndi verður hlutskipti þeirra. Hugsanlega þróast hjá þeim alvarleg tilfinningaleg vandamál. Þannig geta þeir orðið svo háðir því að vera stjórnað af leiðtogum sínum að hegðun þeirra verður fullkomlega órókrétt. Niðurstaða samanburðarrannsóknarinnar á þessum hópum sýndi sem ekki var um að

---

<sup>105</sup> Flavil Ray Yeakley, *The Discipling Dilemma*, bls. 23–24.

villast skýr merki um að meðlimir þessir voru að breytast í átt að einni tiltekinni persónugerð.<sup>106</sup>

Rannsóknin leiddi síðan í ljós að í fyrsta lagi hafði mikill meirihluti meðlima BCC sem tóku þátt í henni breyst og í öðru lagi að það var ekki tilviljunarkennt hverjar breytingarnar voru þar sem þær sýndu bersýnilega að þátttakendurnir höfðu tilhneigingu til að breytast í eina tiltekna persónugerð.<sup>107</sup>

#### 5.4 Ályktanir

Um niðurstöður sínar segir Yeakley að það sé bersýnilegt að Boston Church of Christ skapi sama mynstur óheilbrigðra persónubreytinga og sjá má hjá hinum vel þekktu, valdboðskenndu sértrúarsöfnum sem samanburðarrannsóknin náði til.<sup>108</sup> Þegar hann dregur saman það sem kom fram í viðtölum við meðlimi BCC segir hann að ritningagreinar eins og Heb 13.17<sup>109</sup> séu teknar úr samhengi til að réttlæta skilyrðislausu undirgefni lærisveina við leiðtoga sína. Mikill meirihluti þessa fólks sagði Yeakley að leiðbeinendur þeirra fyrirskipuðu þeim oft í efnum sem hafa ekkert með andlega mál að gera. Því var sagt hvaða námskeið það ætti að taka í skóla, hvaða sérsvið það ætti að velja og hvaða starfsframa, með hverjum það ætti eða ætti ekki að fara með á stefnumót og jafnvel hverjum það ætti að giftast eða ekki giftast. Leiðtogar lærisveinahreyfingarinnar viðurkenna að slík misnotkun hafi átt sér stað en segja um leið að það skýrist af því að ungt fólk með meiri ákafa en dómgreind hafi þá farið offari. En eins og Yeakley bendir á þá setur þetta kerfi ungt fólk án mikillar reynslu og dómgreindar í þá stöðu þar sem líkur á slíkri misnotkun eru töluverðar. Enn fremur hafi margt af þessu unga fólki haft nægjan tíma til að ná þroska en samt sem áður sé það enn að misbeita valdi sínu með þessum sama hætti.<sup>110</sup>

Yeakley að það merkasta í þróun mála eftir að hann lauk við rannsókninni sé það að ráðgjafar í nánast öllum borgum, þar sem þessi róttæka hreyfing sé starfandi, hafi vart undan að sinna skjólstaðingum sem eru sálræn, tilfinningaleg og andleg fórnarlömb þessarar valdboðshreyfingar. Sálfræðingar sem sérhæfa sig í að vinna með fórnarlömb sértrúarhópa (e. *cult*) hafi látið hafa eftir sér að í sumum borgum meðhöndli þeir fleira fólk úr röðum þessa

---

<sup>106</sup> Sama heimild, bls. 32–34.

<sup>107</sup> Sama heimild, bls. 34–35.

<sup>108</sup> Sama heimild, bls. 37.

<sup>109</sup> „Hlýðið leiðtogum ykkar og verið þeim eftirlát. Þeir vaka yfir sálum ykkar og eiga að lúka reikning fyrir þær. Verið þeim eftirlát til þess að þeir geti gert það með gleði, ekki andvarpandi. Það væri ykkur til ógagns.“

<sup>110</sup> Flavil Ray Yeakley, *The Discipling Dilemma*, bls. 55.

safnaða lærisveina en öllum öðrum hópum samanlagt. Þessir fagmenntuðu ráðgjafar séu samdóma í því áliti sínu að stigveldi lærisveinasafnaða sem leitt er af kirkjunni í Boston sé hættulegur sértrúarhópur.<sup>111</sup>

Þótt erfitt sé að fullyrða nokkuð um áreiðanleika rannsókna Yeakley og þeirra ályktana sem hann dregur af þeim lít ég svo á að verk hans sé mikilvægt framlag til aukins skilnings á trúarofbeldi. Í þeim má finna sterkar vísbendingar til þess að þær aðferðir sem lærisveinahreyfingin beitir, svipti fólk persónueinkennum sínum og steypir það í sama mót. Rannsóknir Yeakly meta þó á engan hátt þann sálræna skaða sem þetta fólk verður fyrir þegar það er beygt undir yfirvald slíkra safnaða. Ef fullyrðingar hans um þann fjölda fólks sem þarf að leita sér aðstoðar fagaðila eftir að hafa tekið þátt í starfi lærisveinahreyfingarinnar er á rökum reistur má hins vegar vera ljóst að skaðinn er verulegur.

---

<sup>111</sup> Sama heimild, bls. 206.

## 6 Siðblinda í forystu kirkjunnar

Hvað er siðblinda og er hún möguleg skýring á atferli þeirra sem beita trúarofbeldi? Hér vil ég leita svara við þeirra spurningu með það markmið í huga hvort óhætt sé að álykta sem svo að siðblinda geti verið áhrifaþáttur trúarofbeldis og þar með vandamál sem kirkjur og söfnuðir þurfi að vera á varðbergi gagnvart.

Siðblinda er alvarlegsta gerð persónuleikaröskunar sem þýðir að persónuleikaeinkenni eru farin að víkja verulega frá almennum umgengnisreglum samfélagsins, farin að trufla annað fólk og trufla aðlögun viðkomandi að umhverfinu. Talið er að tíðni siðblindu sé um 0,5-1% í samfélaginu.<sup>112</sup>

Sálfræðingurinn Robert Hare hefur varið stórum hluta starfsævinnar í rannsóknir á siðblindu og þróað “the psychopathy check list” eða PCL, sem er tæki, notað til að greina siðblindu. Einstökum þáttum greiningarinnar með útlistun einkenna verður ekki lýst hér en þess í stað er ekki úr vegi að skoða hvernig Hare lýsir hinum siðblinda í samfelldu máli:

Vægðarlaust ryður hann sér braut gegnum lífið og skilur eftir sig slóð af brostnum hjörtum, væntingum og tómum veskjum. Hann svífst einskis í eigin þágu, enda samviskulaus og ófær um að setja sig í spor annarra. Reglur mannglegra samskipta og samfélagsins eru fótum troðnar án minnstu sektarkenndar eða eftirsjár...

Með dáleiðandi persónutöfrum dregur hann fórnarlömb sín á talar en undir niðri er kaldlyndur svikahrappur, sem ráðskast með fólk á lævísan hátt og tekur ekkert tillit til tilfinninga annarra. Hann er ófær um eðlilegt tilfinningalegt samband við aðra manneskju. Þegar það hentar þykist hann vilja breyta sér eða bæta, en í raun er það lítið annað en leikaraskapur...Hann þekkir muninn á réttu og röngu og er meðvitaður um afleiðingar gjörða sinna, en tekur enga ábyrgð á þeim.<sup>113</sup>

Mér er ekki kunnugt um að áhrif siðblindu á kirkjur og söfnuði hafi verið rannsökuð sérstaklega en hins vegar er talsvert af rannsóknum til þar sem áhrif siðblindra í viðskiptalíf og stjórnun fyrirtækja hefur verið skoðuð. Hare skrifaði bókina *Snakes in Suits* í framhaldi af athugunum sínum um efnið þar sem hann komst að því að það séu þrisvar sinnum meiri líkur á að finna siðblindan einstakling í stjórnunarstöðu fyrirtækis en í almennu þýði. Hins vegar held ég að það sé óhætt að álykta að talsverðar líkur séu til þess að siðblint fólk sækist eftir leiðtogastöðum í söfnuðum og finnist einnig þar í ríkari mæli en gengur og gerist. Það sem liggur að baki þessari ályktun minni felst í eðli þessarar persónuröskunar en hvernig skyldi vera hægt að færa rök fyrir því án sérstakra rannsókna?

<sup>112</sup> Nanna Briem, „Um siðblindu“, *Geðvernd* 38, tbl. 1 (2009): bls. 25–29, hér 25.

<sup>113</sup> Robert Hare í sömu heimild.

Það gerir einmitt norski presturinn Edvin Løvås í bók sinni, *Maktmennesket i menigheten* sem kom út árið 1987. Í formála hennar segir hann:

Eftir 40 ára vinnu við sálgæslu er ég skelfingu lostinn yfir þeirri miklu þjáningu sem siðblindir valda kristnum einstaklingum, hópum og söfnuðum. Ég er líka skelkaður yfir því hversu lítið bæði kristnir og fagfólk á þessu sviði talar opinskátt um þetta.<sup>114</sup>

Løvås segir hina siðblindu hafa lífsskoðun, mannskilning og viðhorf sem fá til þess að sækjast stöðugt eftir valdi. Siðblindir séu yfirleitt með góða greind og persónutöfra sem þeir beiti síðan af öllu afli í barráttu sinni fyrir völdum. Þá segir hann að þeim sé ekkert dásamlegra en að drottna og löngun þeirra til að stjórna hugsunum annara sé óseðjandi. Einmitt þess vegna sækist þeir eftir því að svala þorsta sínum eftir völdum í kristnum söfnuðum, sem séu vettvangur þar sem þeim veitist létt að beita valdi sínu og fá útrás fyrir drottunargirnd sína.<sup>115</sup>

Løvås segir þann siðblinda eiga auðvelt með beita valdi sínu innan safnaða og ástæðurnar fyrir því telur hann vera einkum þrjár. Í fyrsta lagi geti hann þar sett fram kröfur um kærleika, auðmýkt, þolinmæði og umburðarlyndi. Prédikarar og prestar hafa hamrað á gildum þessara fögru ávaxta andans og að á þeim ættu engin takmörk að vera, án þess að bæta við að hætta geti verið á misnotkun í nafni kærleika og umburðalyndis. Önnur ástæða sem Løvås nefnir er sú að fólk hafi vanist því alltof vel að vera aðeins áheyrendur í kirkjum. Þar eru boðskiptin yfirleitt aðeins í aðra áttina frá altarinu eða predikunarstólnum og flestir samþykki athugasemdalaust boðun prédikarans. Þriðja skýringin á því hversu auðveldlega siðblindum tekst að ná völdum í kristnum söfnuðum telur Løvås vera þá hvernig þeir beiti gjarnan Biblíunni í röksemdafærslu sinni. Kristnir hafi vanist því að bera virðingu fyrir orði Guðs en sá siðblindi notar það ekki í þágu þeirra heldur misnotar hann það sem barefli, gegn þeim.<sup>116</sup>

Sá siðblindi kemur sér gjarnan upp einföldu guðfræðikerfi með fjöldanum öllum af ósveigjanlegum reglum. Þeim, segir Løvås, þröngvar hann upp á fólk og krefst skilyrðislausrar hlýðni sem hann réttlætir með trúnaði við rétta kenningu, rétta guðfræði og réttar meginreglur. Með valdi sínu veldur hann ótta og molar sundur alla mótspyrnu. Þeim sem hann nær tökum á með þessum hætti líður þannig að mótmæli gegn honum jafngildi því

---

<sup>114</sup> Edvin Løvås, *Maktmennesket i menigheten*, Oslo: Ansgar Forlag, 1987, bls. 7.

<sup>115</sup> Sama heimild, bls. 9.

<sup>116</sup> Sama heimild, bls. 41–42.

að mótmæla Guði almáttugum.<sup>117</sup> Ég ræði annars staðar slæma guðfræði og misbeitingu ritningatexta og held að þegar siðblindur einstaklingur veitir söfnuði með slíka einfaldaða guðfræði forystu sé komin sérlega hættuleg blanda og líkur á trúarlegri misnotkun miklar.

Blue fjallar um sjálfsdýrkandi (e. *narcissistic*) leiðtoga sem þurfa að vísu ekki að vera fullkomlega siðblindir en eru engu að síður mjög hættulegir. Hinir sjálfsdýrkandi sækjast eftir dýrkun annarra á sjálfum sér. Þeir hafa aldrei vaxið upp úr barnslegum draumórum um eigið mikilvægi og láta sig dreyma um að gera eitthvað algjörlega stórkostlegt eins og að skrifa metsölubók sem breytir kirkjusögunni, ná til allrar þjóðar sinnar, koma upp hinni einu sönnu kirkju eða leysa vandamál hungurs í veröldinni. Í mikilmennskubrjálæði sínu trúa þeir því að þeir verðskuldi aðdáun annarra og eru þess vegna reiðubúnir að gera lítið úr hverjum þeim sem stendur gegn þeim og skeyta engu um þarfir annars fólks.<sup>118</sup>

Í rauninni held ég að Blue lýsi býsna vel hvers konar samverkun á sér stað milli sjálfsdýrkandi leiðtoga og safnaðarins sem hann veitir forstöðu. Hinir sjálfsdýrkandi þarfnast fylgjenda sem hampa sýn þeirra og óttast ekkert meira en að skipta ekki máli, vera án nafns og andlits. Þegar þeir komast í ræðustólinn fá þeir að reyna athyglina og valdið sem þeir þrá svo innilega. Til að fá þann stuðning sem þeir sækjast eftir koma þeir oft með eða fá aðra til að koma með fyrir sig stórkostlegar staðhæfingar um að þeir hafi sérstaka smurningu eða hafi mætt Guði með mjög óvenjulegum hætti, hafi sérstakar gjafir til að leiða eða kenna eða einstakan boðskap, einhverja opinberun á sannleika sem er öðrum hulinn eða einhverja leynda þekkingu á því hvað Guð ætlast fyrir á síðustu tímum. Þetta ásamt öðru því líku gefur til kynna að Guð hafi sérstaka köllun fyrir þennan leiðtoga og þeim sem eru bara venjulegt fólk beri skylda til að fylgja honum og veita honum lotningu, sem það oft gerir hópunum saman. Til að viðhalda áhrifum sínum þurfa þessir leiðtogar oft að framkalla krísuástand við og við þegar hvorki gengur né rekur að sjá raunverulegan árangur af starfinu og vonbrigði herja á hópinn. Óvinir eru búnir til, pólitískir, trúarlegir eða djöfullegir til að skapa „við og hinir“ hugsunarhátt og leiðtoginn hljómar gjarnan eins og að hópurnir þurfi að berjast gegn allri veröldinni. Þetta fær fólk til að horfa frekar á ytri aðstæður sem orsök vandamála og er ófært um að horfast í augu við sársaukafullar tilfinningar og brostin sambönd.<sup>119</sup>

Blue segir að áhrifaríkasta leið fyrir leiðtoga sem lítur á sjálfan sig sem Messías til að ná tökum á fylgjendum sínum sé að sannfæra þá um að þeir gegni einhverju stórkostlegu

---

<sup>117</sup> Sama heimild, bls. 42.

<sup>118</sup> Ken Blue, *Healing Spiritual Abuse*, bls. 111–112.

<sup>119</sup> Sama heimild, bls. 113–114.

hlutverki með honum. Ef leiðtoga tekst að sannfæra fylgjendur sína um hversu einstakt verkfæri Guðs hann sjálfur er, verða fylgjendurnir líka einstakir vegna stuðnings síns við hann. Þannig verða til setningar eins og „Við erum sérstök hræring (e. *move*) Guðs“, „Við erum eini hópurinn sem heldur sannleikanum á lofti“, „Við erum hin fáu trúföstu“ eða „Við erum miðpunktur þess sem Guð er að gera þessa kynslóðina“. Þegar slík viðhorf ná að skjóta rötum heldur blanda stolts og ótta fólki við hópinn og leiðtogann.<sup>120</sup>

Þótt vissulega skorti rannsóknir á áhrifum siðblindra og sjálfstyrkandi manna á kirkjur og söfnuði tel ég fullt tilefni til að taka reynslu Løvås, Blue og annarra í starfi sínu alvarlega og óhætt að yfirfæra með nokkurri vissu rannsóknir á siðblindu almennt og í atvinnulífinu yfir á trúarlega hópa. Lýsingar Blue eru líka í fullu samræmi við það sem kemur fram í rannsóknum Enroth sem fjallað er um hér annars staðar. Það er því með engu móti hægt að líta framhjá siðblindu og sjálfstyrkun leiðtoga þegar rýnt er í áhrifaþætti trúarofbeldi.

---

<sup>120</sup> Sama heimild, bls. 114.

## 7 Vandinn við valdið

Það ætti að vera ljóst að vald og hvernig það er notað eða misnotað er eins og rauður þráður í þessari ritgerð. Það er ekki að ástæðulausu því hér hefur komið fram að trúarofbeldi er eins og allt annað ofbeldi, fyrst og fremst misbeiting valds. Þessi misbeiting valdsins getur síðan valdið þolendum ómældum sársauka. Í þessum kafla viljum skoða annars vegar hvernig slæm guðfræði hefur fært trúarlegum leiðtogum óeðlileg völd í hendur og hins vegar hvernig góð siðfræði ásamt skilningi og þekkingu á valdi getur stutt leiðtoga til að nota vald sitt með siðlegum, réttmætum og uppbyggilegum hætti í stað þess að misnota það.

### 7.1 Vald og guðfræði

Í mínum huga liggur enginn vafi á því að ákveðnar guðfræðilegar áherslur eru stór áhrifaþáttur trúarofbeldis og eiga þátt í að skapa þann jarðveg í trúarhópum sem gerir leiðtogum kleift að misnota vald sitt. Þessi slæma guðfræði er þá notuð til að réttlæta óskorað vald trúarlegra leiðtoga yfir söfnuðum sem þeir leiða og einstaklingum innan þeirra. Hvað felst þá í þessari slæmu guðfræði og hvaðan skyldu hugmyndirnar komnar sem hún byggir á? Þótt þeim spurningum verði ekki svarað til hlítar hér vil ég engu að síður draga fram nokkra athyglisverða þætti.

Eins og alls kyns önnur slæm guðfræði byggist hún að talsverðu leyti á því taka texta ritningarinnar úr samhengi þeirra og mistúlka þá til þess að færa rök fyrir þeirri niðurstöðu sem ætlunin er að ná. Hér er þá markmiðið að sýna fram á að ritningin kenni að safnaðarmeðlimir skuli hlýða leiðtogum sínum skilyrðislaust.

Blue bendir á að Jesús hafi í starfi sínu lagt mikla áherslu að ráðast gegn því valdi sem farísear höfðu tekið sér og beittu til að stýra fólki. Hann afhjúpaði þá þegar hann segir: „Á stóli Móse sitja fræðimenn og farísear“ (Matt 23.2). Farísear höfðu tekið sér vald yfir fólki í krafti þekkingar sinnar á lögmálinu þar sem þetta sem nefnt var stóll Móse í Ísrael á 1. öld gegndi sama hlutverki og leiðtogatitlar, háskólagráður og kirkjuleg embætti gegna hjá þeim sem misbeita trúarlegu valdi sínu í nútímanum.<sup>121</sup>

Sérstakt tungutak eða setningar þar sem vísað er í tiltekna ritningatexta er nokkuð sem leiðtogar nota til að tryggja stöðu sína á þessum stóli Móse. Í því sambandi segir Blue dæmigert að henda á lofti setninguna að „snerta ekki hinn smurða Drottins“, sem beitt er til að

---

<sup>121</sup> Ken Blue, *Healing Spiritual Abuse*, bls. 27.



skýla leiðtogum fyrir allri gagnrýni. Þetta orðalag er fengið úr 1Kro 16.22, Slm 105.15 og 1Sam 24.6 og vísar til þess að Davíð vildi ekki drepa Sál konung. Þegar textinn er tekinn úr samhengi sínu og hann notaður til að tryggja stöðu leiðtoga er um mistúlkun og misbeitingu textans að ræða, því það er með engum hætti réttlætanlegt að yfirfæra stéttakerfi Ísraels til forna yfir á kirkju Nýja testamentisins og nútímans.<sup>122</sup>

Annar texti sem er oft misnotaður er frásögn í 4.Mós. 16.1-35 þar sem segir frá uppreisn Kóra sem stóð gegn Móse og hlaut að lokum þau örlög ásamt fylgismönnum sínum að jörðin gleypri þá. Leiðtogar sem tryggja vilja stöðu sína setja þá sjálfa sig á stall með Móse og ógna söfnuðum sínum með því að þeir sem eru ekki nægilega fylgispakir eigi á hættu að dómur Guðs komi yfir þá eins og hann kom yfir Kóra.<sup>123</sup>

Ýmsir textar um hlýðni við leiðtoga (Heb 13.17, 1Pét 2.13, 1Pét 5.5), undirgefni kvenna (Ef 2.22-23, 1Pét 3.1-6, Kól 3. 18), einingu safnaðarins (Fil 2.2, Ef 4.3), fyrirgefningu (Matt 18.21-22) og fjárframlög (Mal 3.8, Lúk 6.38, 2Kór 9.6) verða að verkfærum í höndum óvandaðra leiðtoga sem beita þeim til að kúga þá sem þeir leiða. Hefðbundin aðferðafræði vandaðrar guðfræði þar sem leitast er við að skilja uppruna textana og setja þá í eðlilegt sögulegt samhengi sitt er þá að engu höfð heldur er markmiðið einungis það að nota þá til að rökstyðja hvað svo sem það nú er sem leiðtoginn vill knýja fram.

Blue leggur áherslu á að kirkja Nýja testamentisins hafi ekki byggst á stigveldisskiptri valdstjórn. Hann minnir orð Jesú þegar hann segir: „Þið vitið að þeir sem ráða fyrir þjóðum drottna yfir þeim og höfðingjar láta menn kenna á valdi sínu. En eigi sé svo meðal ykkar heldur sé sá sem mikill vill verða meðal ykkar þjónn ykkar“ (Matt 20.25-26). Þjónandi forysta hafi þannig verið fordæmi Krists og textar Postulasögunar og bréfanna bendi til þess að frumkirkjan hafi einmitt starfað í sama anda jafnræðis en þegar fram liðu stundir hafi kirkjan fallið aftur í hið gamla far stigveldisstjórnunar sem Jesús hafði fordæmt.

Þeirri athyglisverðu hugmynd er varpað fram af Blue að kirkjuleg stigveldisskipting valds byggi á hugmyndum um að það sé eðlismunur á leikum og lærðum í kirkjunni. Þessar hugmyndir um eðlismun voru orðnar mjög greinilegar hjá rómversk-kaþólsku kirkjunni þegar komið var fram á daga Lúthers og það var gegn þeim sem Lúther setti fram kenninguna um hinn almenna prestdóm.

---

<sup>122</sup> Sama heimild, bls. 28–29.

<sup>123</sup> Þessa túlkun textans hef ég ekki úr neinni ákveðinni heimild heldur þekki ég hana af eigin raun og er nokkuð sannfærður um að hún sé ekki óalgeng.

Guðfræði mótmælenda hefur hins vegar síður en svo verið laus við setja leiðtoga á stall og krefjast hlýðni leikra. Erich Fromm segir þegar hann er að tala um valdboðshneigða trú að hún byggi á hugmyndum um að þeir sem fari með vald geti gert kröfu um hlýðni, virðingu og tilbeiðslu. Skýra mynd af þessari valdboðshneigðu hugsun megi finna í guðfræði Kalvíns. Kalvín leit á forystu sem köllun sem væri æðri öðru starfi. Ef Guð kallaði einhvern til forystu þá leiddi af því að aðrir þyrftu að beygja sig undir vald þeirra til að sýna að þeir væru undirgefnir Guði.<sup>124</sup>

Einhverjar kirkjur mótmælenda kunna einnig að hafa sótt í hugmyndir til Watchman Nee, varðandi stigveldisskiptingu valds. Nee sagði að sá sem skilur til fulls að Jesús sé höfuð líkamans, skilur einnig að aðrir limir hans eru honum æðri og það er nauðsynlegt að beygja sig undir þá. Þeir sem standi gegn þeim sem yfir þá eru settir séu því í andstöðu við Guð.<sup>125</sup> Nee heldur því annars staðar fram að þess sé krafist af okkur að hlýða í blindni þeim sem yfir okkur hafa verið settir og óhlýðni sem sé uppreisn sem sá sem settur hefur verið undir vald verði að svara fyrir hjá Guði.<sup>126</sup> Áður hefur verið bent á að píetisminn og John Wesley hafi einnig haft áhrif í þessa veru.<sup>127</sup>

Þótt það verði ekki gert hér, er ég sannfærður um að færa megi góð guðfræðileg rök gegn misbeitinu þeirra ritningatexta sem nefndir hafa verið hér að framan. Kúgun í skjóli trúarlegs valds, texta og lögmáls er augljóslega nokkuð sem vakti reiði Jesú í þjónustu hans og hann barðist af krafti gegn öllu slíku. Þjónandi forysta var bæði fordæmi og boðskapur Krists sem aldrei neyddi nokkurn mann til fylgdar eða hlýðni við sig. Því má vera ljóst að stórkostlegir misbrestir séu í guðfræði og valdauppbyggingu þeirrar kirkju eða safnaðar sem snýr þessum boðskap Jesú á hvolf.

## 7.2 Vald og siðfræði

Prestum og öðrum trúarlegum leiðtogum er afar mikilvægt að hafa bæði þekkingu og skilning á leiðtogahlutverki sínu og þeim valdatengslum sem verða til í gagnkvæmu sambandi þeirra við skjólstæðinga sína því ef þessi skilningur er ekki fyrir hendi geta afleiðingarnar orðið þær að þeir fara að valda skjólstæðingum sínum skaða, jafnvel þótt presturinn sé allur af vilja gerður til að sinna starfi sínu bæði vel, heiðarlega og í þágu skjólstæðinga sinna. Prestinum er

---

<sup>124</sup> Erich Fromm, *Psychoanalysis and Religion*, New Haven: Yale University Press, 1959, bls. 35.

<sup>125</sup> Watchman Nee, *Body of Christ, The*, Living Stream Ministry, 1998, bls. 20–21.

<sup>126</sup> Watchman Nee, *Spiritual Authority*, New York: Christian Fellowship Publishers, 1972, bls. 71.

<sup>127</sup> Í kaflanum um Lærisveinahreyfinguna.

fengið vald í hendur í krafti hlutverks síns, vald sem ætti að vera notað til þess að hjálpa, efla og styrkja skjólstæðinga hans. Leiða má líkur að því að þegar leiðtoginn gerir sér illa grein fyrir eðli þessa valds og hann hefur ekki ígrundað þá siðferðislegu ábyrgð að beita valdi sínu með réttmætum hætti, sé aukin hætta á því að hann misbeiti því í eigingjörnum tilgangi. Það er því ekki að ástæðulausu að mikil áhersla er lögð á siðfræði í menntun flestra fagstétta.

Í þessum kafla eru viljum við svara því hvers vegna prestinum að mikilvægt að skilja vald sitt. Leitast er við að skýra hvað felist í valdi prests eða leiðtoga safnaðar, hvaðan þetta vald kemur og hvernig beita megi þessu valdi með siðferðislega ábyrgum hætti. Þá er einnig rætt um hvernig sumir prestar misbeita valdi sínu og að einhverju leyti, hvers vegna það gerist.<sup>128</sup>

Richard M. Gula er rómversk-kaþólskur prestur og prófessor í guðfræðilegri siðfræði en hann fjallar í bók sinni *Just Ministry* m.a. um vald og siðferðislega ábyrgð presta. Þar leggur hann áherslu á nauðsyn þess að presturinn skilji mismuninn á persónulegu sambandi sínu við fólk annars vegar og faglegu sambandi hans sem prests eða trúarlegrs leiðtoga við skjólstæðinga sína hins vegar. Hann segir hættu á siðferðislega rangri hegðun vera fyrir hendi þegar farið er með fagsambandið, sem hann nefnir „hirðissamband“ (e. *pastoral relationship*) eins og það sé persónlegt.<sup>129</sup> Það sé hins vegar skiljanlegt að það sé stundum erfitt sé að greina þarna á milli enda ekki alltaf ljóst hvaða þættir það eru skilgreina slíkt hirðissamband. Gula segir vandann liggja í því að samband presta við sóknarbörnin er oft óskýrara en hjá öðrum fagstéttum eins og læknum, lögmonnum og sálfræðingum sem hitta skjólstæðinga sína yfirleitt einungis í afmörkuðum aðstæðum þar sem tilgangur samskipanna er alveg ljós.<sup>130</sup> Ekki eru öll sambönd trúarlegra leiðtoga við annað fólk faglegt hirðissamband að mati Gula og til að skýra hvað hann á við með slíku sambandi segir hann að við séum í slíku sambandi þegar við:

Komum fram sem fulltrúar kirkjunnar þannig að fólk getur notið sérstaks áhrifavalds okkar og hæfni til þess að mæta trúarlegri þörf þess [...] eða þjónum í umsjónarhlutverki yfir öðrum.<sup>131</sup>

<sup>128</sup> Þess má geta að Sólveig Anna Bóasdóttir hefur skrifað grein um svipað á efni sem hún grundvallar m.a. á verkum sömu höfundar sem vísað er til hér í kaflanum. Sjá: „Fagmennska í kirkjunni. Starfssiðfræði og siðareglur vígðra þjóna kirkjunnar“ (Professionalism in Church. Professional ethics and the code of ethics of the ELCI), *Ritröð Guðfræðistofnunar – Studia Theologica Islandica* (2013:2), bls. 184 – 207.

<sup>129</sup> Richard M. Gula, *Just Ministry: Professional Ethics for Pastoral Ministers*, New York: Paulist Press, 2010, bls. 121.

<sup>130</sup> Sama heimild, bls. 122.

<sup>131</sup> Sama heimild, bls. 122. Lausleg þýðing höfundar. Upphaflegi textinn er þessi: „Acting as a representative of the church so that people can draw from our special authority and competence to meet a religious need (for

Eitt af því sem Gula ræðir er sú tilhneiging leiðtoga kirkjunnar að vera feimnir við að viðurkenna vald sitt. Vald virðist vera í andstöðu við þá gerð þjónustu sem kirkjan ætti að standa fyrir. Við gjöldum varhug við því þar sem það virðist gefa til kynna drottun og aðstæður þar sem hver ríkir yfir öðrum eða að í því felist möguleikinn á því að þvinga fólk til þess að gera eitthvað sem það myndi annars ekki gera. Engu að síður, segir Gula, þarf vald ekki endilega að draga það fólk sem við vinnum með og vinnum fyrir niður á það svið að við förum að ráðskast með það.<sup>132</sup> Vald geti allt eins verið frelsandi og styðjandi. Vald geti verið kærleiksríkur áhrifamáttur sem leysi úr læðingi gæskuna í öðrum. Kærleikur og vald þurfi þannig ekki að vera andstæður. Hugsanlega sé best að lýsa valdi með því að líta á það sem það sem möguleikann til að hafa áhrif á aðra. Það sé það sem geri okkur kleift að láta eitthvað gerast eða ekki gerast. Í þessu ljósi hafi allir vald þótt það sé misjafnt að hvaða marki það sé til staðar.<sup>133</sup>

Gula ræðir um „faglega trúnaðarskyldu“ (e. *fiduciary responsibility*) andlegra leiðtoga sem hann segir vera þá að nota vald sitt og forræði með þeim hætti að það þjóni trúarlegum þörfum þeirra sem leita eftir þjónustu þeirra og notfæra sér ekki veikari stöðu þeirra heldur setja hagsmuni þeirra framár sínum eigin. Til þess að þeir geti reynst trúir í hirðisskyldum sínum sé nauðsynlegt að þeir átti sig á hvaðan vald þeirra komi því ef þeir missi sjónar á því valdamisvægi sem er til staðar milli þeirra sjálfra og þeirra sem til þeirra leita sé leiðin greið að brotum á þessari trúnaðarskyldu.<sup>134</sup>

Til þess að svara þeirri spurningu hvaðan trúarlegir leiðtogar þiggja vald sitt, byggir Gula á verkum James og Evelyn Whithead þar sem þau greina uppruna valds í þrennt, þ.e.a.s. til stofnunar, persónulegra þátta og huglægra<sup>135</sup> (e. *extra-rational*) þátta.<sup>136</sup>

Þar kemur fram að auðveldast sé að átta sig á stofnanlegri uppsprettu valds þegar um opinbera skipun í stöðu er að ræða. Þegar einhver fær opinbera staðfestingu í einhverri mynd á persónulegu valdi sínu er talað um viðkomandi hafi umboðsvald (e. *authority*). Þegar einhver hefur verið vígður, skipaður, settur eða jafnvel ráðinn til þess að gegna einhverju starfi á vegum trúarlegrar stofnunar fæst viðurkenning samfélagsins á því að sá hinn sami hafi

---

example, pastor serving parishioner; spiritual director serving directee; catechist serving students) or serving in a supervisory role over others (for example, pastor to staff; director of religious education to catechists)“.

<sup>132</sup> Sama heimild, bls. 123.

<sup>133</sup> Sama heimild, bls. 123.

<sup>134</sup> Sama heimild, bls. 133.

<sup>135</sup> Mögulega væri réttara að þýða extra-rational sem „þátta sem liggja handan meðvitaðrar rökhugsunar“ en slík þýðing er auðvitað ekki mjög þjál í notkun.

<sup>136</sup> Richard M. Gula, *Just Ministry*, bls. 123.

trúarlegt umboðsvald og með vald til þess að koma fram fyrir hönd stofnunarinnar. Það vald sem fólgið er í hlutverki, titli, hempu eða embættisklæðnaði og öðrum embættistáknum er þegið af þessari opinberu viðurkenningu og er síðan styrkt enn frekar með þeim væntingum sem fólk gerir til hvers þess sem hefur lögmæta viðurkenningu stofnunar.<sup>137</sup>

Þegar horft er til persónulegra þátta sem styrkja vald trúarlega leiðtoga þá segir Gula þá einfaldlega felast í því hver manneskjan er og þar er fjölmargt sem hefur áhrif. Mannkostir, kyn, aldur, reynsla, orðspor, tilfinningalegt jafnvægi, samskiptafærni, persónuleiki, persónutöfrar, þekking og hæfni eru allt dæmi um eiginleika sem leiðtogi tekur með sér inn í hlutverk sitt og ýmist styrkja eða veikja möguleika hans til þess að hafa áhrif á þá sem hann þjónar. Þess vegna er enginn algjörlega vanmáttugur því það er ákveðið vald fólgið í því að einfaldlega vera sá sem maður er og vera til staðar.<sup>138</sup>

Mikilvægi hæfni sem liðar í persónulegri valdeflingu leiðtoga kemur best fram þegar hún er ekki til staðar. Þótt viðurkenning stofnunar með vígslu verði til þess að presturinn fái í upphafi nægilegt vald til þess að fólk leiti eftir aðstoð hans sé það fljótt að breytast ef það kemur síðan í ljós að hann skorti þekkingu eða færni til þess að miðla innsýn trúar til þeirra sem eru veikir, deyjandi eða í sorg. Traustið sem er grundvöllur hirðisþjónustunnar byggir á því að fólk finni að presturinn búi yfir nauðsynlegri hæfni til þess að mæta andlegum þörfum skjólstæðinga sinna. Þetta þýðir að fólk færir einfaldlega meira vald í hendur þeirra sem eru góðir í því sem þeir gera. Með þessu vill Gula leggja áherslu á mikilvægi þess að trúarlegir leiðtogar leggi af trúmennsku rækt við öðlast faglega hæfni og viðhalda henni.<sup>139</sup>

Gula heldur því fram að þeir sem starfa í trúarlegri þjónustu séu með ákveðnum hætti táknrænir fulltrúar hins heilaga. Með því á hann við það að í augum annarra komi þeir fram fyrir hönd kirkjunnar, trúarhefðar, tiltekins lífsmáta og jafnvel Guðs. Sumu fólki finnist sem það að tala við þá jafngildi því að tala við Guð eða að það að vera meðtekið eða hafnað af þeim sé það sama og að vera meðtekið eða hafnað af Guði. Með þessum táknræna hætti fái orð og athafnir trúarlegra leiðtoga aukið vægi eða „heilagan þunga“.<sup>140</sup> Það vald sem trúarlegir leiðtogar fá með þessari táknrænu stöðu sinni er það sem Gula á við þegar hann talar um huglæga þætti sem uppsprettu valds. Með þessu sé hugsanlega hægt að skýra hversu lítið fólk dregur í efa predikun, kennslu og ráðgjöf presta enda sjái það þá í því ljósi að þeir

<sup>137</sup> Sama heimild, bls. 123–124.

<sup>138</sup> Sama heimild, bls. 124.

<sup>139</sup> Sama heimild, bls. 125–126.

<sup>140</sup> Sama heimild, bls. 30.

tali ekki aðeins fyrir sig sjálfa heldur einnig fyrir kirkjuna eða jafnvel fyrir Guð. Þetta fulltrúahlutverk þeirra skýrir að hluta hvers vegna annað fólk treystir þeim án þess að þeir hafi nokkuð gert til að sýna fram á að þeir séu traustsins verðir. Traust þess byggir ekki eingöngu á fyrri reynslu af prestum heldur einnig á væntingum sem það hefur til þess sem þeir eru fulltrúar fyrir, Guðs sem er traustsins verður. Einmitt vegna þessa táknræna hlutverks segir Gula ábyrgð presta sérstaklega mikla og þeim beri að vanda til verka í guðfræðilegri túlkun sinni á tilverunni.<sup>141</sup>

En eru tengsl milli skilnings presta á valdi og viðhorfs þeirra til þess og brota í starfi? Marilyn Peterson heldur því fram að fagfólki hætti mest til siðlausrar hegðunar þegar það horfir framhjá eða gerir lítið úr eigin valdi. Hún rekur með sannfærandi hætti skjalfest dæmi um það að fagfólki sem ekki er ljóst hversu mikið vald það hefur í samskiptum sínum við skjólstæðinga sína eða neiti að gangast við því valdi sem hlutverk þeirra færir því, geti auðveldlega misnotað hlutverk sitt og vald með því að fara yfir þau mörk sem það hefur siðferðislega skyldu til að virða. Sá sem er í bestri aðstöðu til að hjálpa öðrum er jafnframt í bestri aðstöðu til að særa þá.<sup>142</sup>

Hin leiðbeinandi siðferðiskylda varðandi sambönd segir Gula felast í því að sá ber meiri siðferðislega ábyrgð sem hefur meira vald. Jafnvel þótt hinn aðilinn í sambandinu reyni að hagræða aðstæðum og sé þannig ábyrgur fyrir eigin óæskilegri (e. *manipulative*) hegðun ber fagaðilanum samt sem áður skylda til að sjá til þess að mörkin í sambandinu séu virt, einfaldlega vegna þess að hann er sá sem hefur meira vald til þess að gera það.<sup>143</sup>

Í þessu samhengi ræðir Marie Fortune um það hvernig skjólstæðingur sem er í meðferð eða sálgæslu hjá sálfræðingi eða prestri er öldungis ófær um að veita samþykki sitt fyrir kynferðislegu sambandi vegna þess að í sambandi fagaðila og skjólstæðings er innbyggt valdamisvægi. Sambandið er ekki jafningjasamband. Flest fólk sem leitar sér hjálpar er þegar í viðkvæmri stöðu og sálgætirinn gegnir áhrifa- og valdshlutverki sem auðvelt er að misnota til að knýja fram kynlífssamband.<sup>144</sup>

Fortune segir að þegar trúarlegur leiðtogi eða sálgætir hefur kynferðislegt sambandi við skjólstæðing sinn bregðist hann trausti skjólstæðingsins og notfæri sér varnarleysi hans. Afleiðingarnar séu þær að skjólstæðingnum finnist hann hafa verið svikinn og notaður auk

---

<sup>141</sup> Sama heimild, bls. 126–127.

<sup>142</sup> Marilyn Peterson í sömu heimild, bls. 133.

<sup>143</sup> Sama heimild, bls. 133

<sup>144</sup> Marie M Fortune, *Sexual Violence: The Unmentionable Sin*, New York: Pilgrim Press, 1983, bls. 102.

Þess sem hann þurfi að glíma við sektarkennd og ringulreið. Í stað þess að hann hafi fengið hjálp hafi einungis verið aukið á ringulreiðina í lífi hans og hann sitji eftir í sálrænu áfalli.<sup>145</sup> Þá hafi faglegar siðareglur verið brotnar með tvenns konar hætti.

Í fyrsta lagi varði brotið hlutverk. Það sé ekki hægt að vera elskhugi eða rekkjunautur manneskju á sama tíma og maður er prestur hennar eða sálgætir. Það sé útilokað að gegna þessum tveimur eðlisólíku hlutverkum samtímis með siðferðislega ábyrgum hætti. Sambandið milli sálgætis og skjólstæðings hans feli í sér samkvæmt skilgreiningu valdamisvægi þar sem velferð skjólstæðingsins eru höfð í fyrirrúmi. Ástar- og kynferðissamband ætti hins vegar að vera gagnkvæmt samband jafningja þar sem þörfum beggja er mætt. Í öðru lagi segir Fortune að kynferðislegt samband við sóknarbarn eða skjólstæðing sé misnotkun á trausti. Í faglegu sambandi ætti sóknarbarnið að geta treyst því að presturinn eða sálgætirinn notfæri sér ekki að það er berskjaldað. Þegar hann geri það hafi hann brugðist því trausti sem á að vera til staðar í sambandinu milli þeirra.<sup>146</sup>

Kynferðisleg misbeiting valds eins og hér hefur verið lýst getur átt sér stað í alls kyns fagstéttum, þar sem öflin sem eru að verki eru hin sömu og valdamisvægi er ávallt til staðar milli þolenda og gerenda. Það er hins vegar gagnlegt er að horfa til þess hvernig Fortune dregur fram þá sérstöðu þegar gerandinn er trúarlegur leiðtogi eða prestur sem felst í því að presturinn gegnir valdahlutverki sem „fulltrúi Guðs“ innan kirkjunnar eða trúarhópsins þar sem hann starfar.<sup>147</sup> Þar fyrir utan eigi prestar ríkari aðgang að lífum fólks umfram aðrar fagstéttir og geti átt frumkvæði að samskiptum og heimsótt sóknarbörn sín án þess að til þeirra sé leitað sérstaklega. Allt þetta verði síðan til þess að þegar prestur leitast eftir eða hefur kynferðissamband við sóknarbarn sitt veldur hann því enn meiri ringulreið og upplausn en þegar aðstæðurnar eru veraldlegar. Að auki þurfi sóknarbarnið að sitja uppi með þá byrði að hafa á tilfinningunni að hafa verið svikið, ekki aðeins af prestinum heldur einnig af Guði og kirkjunni. Síðast en ekki síst verði þessi svik prestsins að meiriháttar hindrun í persónulegu trúarlífi sóknarbarnsins. Tjónið sem trúarlíf sóknarbarnsins verður fyrir að völdum þessarar reynslu sé oft djúpstætt og langavarandi.<sup>148</sup> Prestur, sem tók þátt í rannsókn Lebacqz og Barton á kynlífi og kynhegðun sem hluta af lífi presta og safnaða, svarar spurningunni um það

---

<sup>145</sup> Sama heimild, bls. 106.

<sup>146</sup> Sama heimild, bls. 107–108.

<sup>147</sup> Sama heimild, bls. 107.

<sup>148</sup> Sama heimild, bls. 107.

hvernig hann glími við þær aðstæður þar sem hann finnur að hann laðast einhverri konu í söfnuðinum með því að segja:

Andartaks íhugun á því hversu miklum skaða [kynferðissamband] gæti valdið á andlegri vegferð viðkomandi og skilningi [hennar] á Guði nægir mér til að setja þess háttar aðdráttarafl í rétt samhengi.<sup>149</sup>

Ég held að gott innsæi þessa manns segi allt sem segja þarf. Persónulegar þarfir andlegra leiðtoga eru auðvitað hinar sömu og allra annarra. Við höfum t.d. öll þörf fyrir vináttu, nánd, viðurkenningu og jafnvel aðdáun. Síðast en ekki síst erum við öll kynverur. Ábyrgð alls fagfólks sem vinnur með fólk og siðferðisleg skylda þess er að notfæra sér ekki skjólstæðinga sína til þess að mæta þessum þörfum sínum. Að sjálfsögðu á það sama við um alla trúarlega leiðtoga. Gula bendir á mikilvægi þess að þeir sem starfa í andlegri þjónustu séu þess vegna sérstaklega meðvitaðir um eigin þarfir. Hann segir skjólstæðinga þeirra eiga fullan rétt á því að leiðtogarnir setji hagsmuni þeirra frammar eigin hagsmunum.<sup>150</sup> Sá sjálfsagi sem felist í því að setja eigin þarfir til hliðar til þess að geta mætt þörfum þeirra sem leita eftir hirðisþjónustu sé hluti þess frelsis sem sé prestum nauðsynlegt til að lifa í köllun sinni og ber vott um þá trúmennsku sem ætti að vera leiðarljós þjónustunnar.<sup>151</sup>

Marilyn Peterson hefur því við að bæta að þegar fagfólk fellur í þá gryfju að misnota skjólstæðinga sína til þess að mæta eigin þörfum er það yfirleitt ekki af vondum ásetningi, heldur á brotið sér stað vegna þess að fagfólkið var ekki nægilega meðvitað um eigin þarfir. Skjólstæðingurinn var til staðar og hentugur til þess að gera þeim lífið bærilegra. Þegar fagfólkið horfði til baka áttaði það sig á því hvernig það hafði fært sér í nyt valdamisvægið í sambandinu við skjólstæðingana til þess að fara út fyrir eðlileg og rétt mörk og sækja það sem það þurfti til þeirra.<sup>152</sup> Peterson telur að þegar þetta gerist leitist fagfólkið við að réttlæta fyrir sjálfu sér eigin hegðun, t.d. með því að segja sem svo að fagsambandinu hafi verið lokið, gjörðir þeirra séu ekki í andstöðu við markmið sambandsins, eða það hafi einungis gert það sem hver sem er í þeirra stöðu gæti hafa gert. Slíkar réttlætningar komi í veg fyrir að tekin sé ábyrgð á því að leita annarra og betri leiða. Þegar farið er yfir siðferðismörk í þessu sambandi

<sup>149</sup> Karen Lebacqz og Ronald G. Barton, *Sex in the Parish*, Louisville: Westminster John Knox Press, 1991, bls. 49.

<sup>150</sup> Richard M. Gula, *Just Ministry*, bls. 140.

<sup>151</sup> Marilyn Peterson í sömu heimild, bls. 141.

<sup>152</sup> Marilyn Peterson í sömu heimild, bls. 141



sé það ávallt vegna þess að fagfólkið hefur annað hvort gert lítið úr eðli sambandsins eða lítið fram hjá valdamisvæginu milli þeirra og skjólstæðinganna.<sup>153</sup>

Með hvaða hætti er mögulegt að meta hvort valdi sé beitt með siðlegum hætti í starfi prests eða trúarlegs leiðtoga? Karen Lebacqz notar frelsandi réttlæti sem mælistiku þegar hún svarar því. Með því að leggja megináherslu á vald þegar siðleiki er metin drögum við fram mikilvægi réttlætis segir Lebacqz.<sup>154</sup> Réttlæti út frá biblíulegu sjónarhorni feli bæði í sér að leiðrétt valdamisvægi og glímt sé við afleiðingar valdamisvægis og að það feli í sér lausn fyrir þá sem sæta kúgun.<sup>155</sup> Rollo May tekur í sama streng þegar hann segir að hin siðferðislega áskorun okkar felist í því að nýta dyggðir réttlætis og trúmennsku til að beina valdi okkar frá drottunum yfir öðrum þar sem við notfærum okkur fólk í eigingjörnum tilgangi yfir í það að færa þeim lausn og frelsi með nærandi og heilandi beitingu valdsins.<sup>156</sup>

Við förum siðferðislega best með vald okkar þegar við beitem því til þess að styrkja og efla skjólstæðinga okkar og sjálfstæði þeirra fremur en að beita því til að gera lítið úr þeim eða halda þeim ósjálfstæðum, óvirkum og þurfandi. Fordæmi Krists varðandi beitingu þess valds sem hann hafði er skýrt. Í textum guðspjallanna er hvergi að finna neitt sem bendir til þess að hann hafi nokkru sinni beitt valdi sínu í eigin þágu. Þvert á móti neitar hann að gera það bæði í sögunum um þegar hans er freistað til þess af djöflinum (Matt 4.1-11 og Lúk 4.1-13), í Getsemane þegar hann er tekinn höndum og ekki síst við sjálfa krossfestinguna. Það eru hins vegar fjölmargir textar sem greina frá því hvernig hann beitti valdi sínu í þágu þeirra sem þjáðust. Það er athyglisvert að sjá að í beinu framhaldi af því að hans er freistað segir hann sjálfur: „Andi Drottins er yfir mér af því að hann hefur smurt mig. Hann hefur sent mig til að flytja fátækum gleðilegan boðskap, boða bandingjum lausn og blindum sýn, láta þjáða lausa.“ (Lúk 4.18) Framhald guðspjallsins er síðan að stórum hluta lýsing á því hvernig Jesús stóð við þessi orð sín.

Röksemdir Gula og annarra höfunda sem hér hefur verið fjallað um fyrir mikilvægi þess að prestar hafi skilning á valdinu sem þeim hefur verið falið eru sannfærandi. Þrátt fyrir það er menntun, þekking og skilningur engin trygging fyrir því að menn fari vel með það vald

---

<sup>153</sup> Sama heimild, bls 141.

<sup>154</sup> Lebacqz segir það nýstárlegt sjónarhorn að hafa vald sem megináherslu siðgæðismats þar sem það er hefðbundnara að það horfa fyrst og fremst til þess hvað sé skjólstæðingnum fyrir bestu (e. beneficence) þar sem siðferðisleg úrlausnarefni verða oftast vegna árekstra milli þess og annarra gilda eins og t.d. sannsögli og að halda trúnað.

<sup>155</sup> Karen Lebacqz, *Professional Ethics*, bls. 129.

<sup>156</sup> Rollo May, *Power and Innocence* bls. 99-11 í Gula, *Just Ministry*, 152.

sem þeim er fengið. Þessir þættir eru vissulega gagnlegir en ég held að öllum þeim sem fara með vald af hvaða tagi sem er sé hollt að íhuga reglulega hvaðan þeir þiggja vald sitt og ástunda gagnrýna sjálfskoðun þar sem metið er hvort valdinu sem þeir hafa sé beitt með ábyrgum hætti. Hér er að sjálfsögðu fyrst og fremst verið að ræða um presta og aðra trúarlega leiðtoga sem valdir hafa verið til að gegna ábyrgðarstörfum innan kristinnar kirkju en auðvitað væri öðrum sem fara með vald einnig gagnlegt að gera slíkt hið sama. Þannig held ég t.d. að hverjum þeim sem fer með pólitísk völd væri hollt að íhuga reglulega að sá hinn sami starfar í umboði almennings og beri þá einnig að gera það í þágu almennings.

Einn vandi kristinnar kirkju er hins vegar sá að því miður hafa einstaka þjónar hennar sennilega ekki minnsta áhuga á því að umgangast vald sitt með siðferðilega réttmætum hætti. Þetta fólk sækist eftir leiðtogastöðum innan kirkjunnar til þess að fullnægja eigin þörfum fyrir völd, athygli o.fl. og það svífst einskis til að ná markmiðum sínum. Hér erum við að tala um siðblindu leiðtogana sem rætt var um hér framar í kaflanum um siðblindu.

## 8 Samantekt og niðurstöður

Trúarofbeldi er nýlegt hugtak í fræðilegri umræðu og engin algild skilgreining á því er til. Reynslusögur þeirra sem telja sig hafa orðið fyrir trúarofbeldi benda sterklega til þess að hér sé um raunverulegt vandamál fjölmargra kristinna safnaða að ræða. Sögurnar lýsa gleðisnauðu trúarlífi fólks sem einkennist af langvarandi þreytu á því að standast kröfur sem leiðtogar safnaðanna gera til þeirra. Þetta fólk hefur margt þurft að afhenda sjálfræði sitt valdboðshneigðum leiðtoga eða hópi og glatað sjálfsmynd sinni og sjálfsvirðingu í kjölfarið. Aðrar afleiðingar geta verið endurteknar martraðir, vanmáttarkennd, brostin félagstengsl og ótti.

Flestir þeirra sem hafa rannsakað trúarofbeldi eru sammála um að það felist fyrst og fremst í misbeitingu trúarlegs áhrifavalds í eigingjörnum tilgangi. Leiðtogar notfæra sér trúarlega stöðu sína til þess að stjórna eða ráðskast með skjólstæðinga sína og næra eigin þarfir á kostnað þeirra.

Ýmsir þættir hafa sennilega þau áhrif að valdi er misbeitt í trúarlegu starfi: Slæm guðfræði sem er notuð til að réttlæta óskorað vald trúarlegra leiðtoga, skortur á siðferðilegri þekkingu á valdi sem leiðtogar hafa og ábyrgðinni sem þeim er sett er á herðar og eins sækjast siðblindir einstaklingar gjarnan eftir því að komast í leiðtogastöður.

Söfnuðir þar sem gróft trúarofbeldi fær að viðgangast einkennast einkum af sterkri, stjórnsamri forystu. Leiðtogar þeirra nota sektarkennd, ótta og ógn til að kúga meðlimi. Fylgjendum er talin trú um að engin önnur kirkja komist í líkingu við þeirra eigin. Þrýst er á meðlimi þessara safnaða að láta ekki í ljós aðrar skoðanir en þær sem hópurinn segir þær réttu. Meðlimir hópsins eru undir smásjá þar sem reglur og lögmálshyggja eru allsráðandi. Þeir sem fara ekki eftir reglunum eða hóta að afhjúpa söfnuðinn þurfa oft að þola harkalega meðferð. Kúgun er stundum beitt með árangursríkum hætti og þannig komið í veg fyrir að fólk yfirgefi trúarofbeldissöfnuði. Því er ýmist ógnað með hótunum um reiði Guðs eða bannfæringu sem getur gengið svo langt að jafnvel foreldrar, börn og systkini slíta sambandi við þann sem söfnuðurinn hefur ákveðið að útskúfa.

Nauðsynlegt er að ræða um trúarlega misnotkun með ábyrgum hætti og afleitt ef umræðan leiðir til nútíma nornaveiða. Einstök tilfelli mistaka, dómgreindarskorts eða skorts á faglegri hæfni ekki falla undir það að vera trúarofbeldi. Þá hafa prestar skyldu til að beina sóknarbörnum sínum inn á réttar brautir og þegar þeir tjá vanþóknun á hegðun skjólstæðinga sinna þarf það ekki að fela í sér trúarofbeldi.

## Heimildaskrá

### Útgefin gögn

- Ásgeir Pál Ágústsson. „Sviptur frelsi í frelsinu“. *Vikan*, 8. mars 2012.
- Blue, Ken. *Healing Spiritual Abuse: How to Break Free from Bad Church Experience*. Illinois: Intervarsity Press, 1993.
- Løvås, Edvin. *Maktmennesket i menigheten*. Oslo: Ansgar Forlag, 1987.
- Enroth, Ronald M. *Churches That Abuse*. Grand Rapids, Michigan: Zondervan, 1993.
- Recovering from Churches That Abuse*. Grand Rapids, Michigan: Zondervan, 1994.
- Fortune, Marie M. *Sexual Violence: The Unmentionable Sin*. New York: Pilgrim Press, 1983.
- Fromm, Erich. *Psychoanalysis and Religion*. New Haven: Yale University Press, 1959.
- Gula, Richard M. *Just Ministry: Professional Ethics for Pastoral Ministers*. New York: Paulist Press, 2010.
- Johnson, David, og Jeff VanVonderen. *The Subtle Power of Spiritual Abuse: Recognizing and Escaping Spiritual Manipulation and False Spiritual Authority Within the Church*. Minneapolis: Bethany House Publishers, 2005.
- Lebacqz, Karen. *Professional Ethics: Power and Paradox*. Nashville: Abingdon Press, 1985.
- Lebacqz, Karen, og Ronald G. Barton. *Sex in the Parish*. Louisville, Ky: Westminster John Knox Press, 1991.
- Lebacqz, Karen, og Joseph Driskill. *Ethics and Spiritual Care: A Guide for Pastors and Spiritual Directors*. Nashville, TN: Abingdon Press, 2000.
- Lifton, Robert Jay. *Thought Reform and the Psychology of Totalism: A Study of „Brainwashing“ in China*. Chapel Hill: The University of North Carolina Press, 1989.
- Martin, Walter. *Rise of the Cults*. Santa Ana.: Vision House Pub, 1978.
- The Kingdom of the Cults*. Minneapolis: Bethany House Publishers, 2003.
- McGuire, Meredith B. *Religion: The Social Context*. Long Grove: Waveland Pr Inc, 2008.
- Nanna Briem. „Um siðblindu“. *Geðvernd* 38, tbl. 1 (2009): 25–29.
- Nee, Watchman. *The Body of Christ*. Living Stream Ministry, 1998.
- Spiritual Authority*. New York: Christian Fellowship Publishers, 1972.
- Orlowski, Barbara M. *Spiritual Abuse Recovery: Dynamic Research on Finding a Place of Wholeness*. Eugene, OR: Wipf and Stock Publishers, 2010.
- Osborn, Lawrence, og Andrew Walker. *Harmful Religion, An Exploration of Religious Abuse*. London: SPCK Publishing, 1997.
- Yeakley, Flavil Ray. *The Discipling Dilemma: A Study of the Discipling Movement among Churches of Christ*. Nashville.: Gospel Advocate Co., 1988.

### Gögn af vefnum

- „Dómur“. *Héraðsdómstólar Íslands*, 9. maí 2008, sótt 10. ágúst 2016 af <https://www.domstolar.is/domar/domur/?id=50f0af15-7371-4bce-a900-13f48285f15b>.
- Melton, J. Gordon. „Child abuse, suicide, and the Branch Davidians.“ *World & I*. 9:6/1994. Sótt 10. september 2016 af <http://search.ebscohost.com/login.aspx?direct=true&db=f5h&AN=9407223954&site=ehost-live>.